

EFNISYFIRLIT
Könnun á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni
og tillögur nefndar um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar.

1	Almennt um efni og verksvið nefndarinnar	4
1.1.	Inngangur	4
1.2.	Hugtök og skilgreiningar	6
1.3.	Niðurstaða nefndarinnar í stuttu máli	6
2	Aðstaða til hestamennsku á landsbyggðinni eftir landssvæðum	8
2.1.	Almennt	8
2.2.	Vesturland	8
2.2.1.	Dreyri, Akranesi	8
2.2.2.	Skuggi, Borgarnesi	8
2.2.3.	Faxi, Borgarfirði	9
2.2.4.	Snæfellingur, Snæfellsnesi og Hnappadal	9
2.2.5.	Glaður, Búðardal	10
2.3.	Vestfirðir	10
2.3.1.	Kinnskær, Króksfjarðarnesi	10
2.3.2.	Stormur, Þingeyri	10
2.3.3.	Hending, Ísafirði	11
2.4.	Norðurland vestra	12
2.4.1.	Þytur, Húnaþingi vestra	12
2.4.2.	Neisti, Blönduósi	12
2.4.3.	Snarfari, Skagaströnd	
2.4.4.	Léttfeti, Sauðárkróki, Stígandi, Skagafirði, Svaði, Hofsósi	13
2.5.	Norðurland eystra	14
2.5.1.	Glæsir, Siglufirði	14
2.5.2.	Gnýfari, Ólafsfirði	15
2.5.3.	Hringur, Dalvík	15
2.5.4.	Léttir, Akureyri	16
2.5.5.	Funi, Eyjafirði	17
2.5.6.	Þráinn, Grenivík	17
2.5.7.	Þjálfí, Húsavík	18
2.5.8.	Grani, Húsavík	18
2.5.9.	Feykir, Kópaskeri	19
2.5.10.	Snæfaxi, Þórshöfn	19
2.6.	Austurland	19
2.6.1.	Glófaxi, Vopnafirði	20
2.6.2.	Freyfaxi, Egilsstöðum	20
2.6.3.	Blær, Neskaupstað	21
2.6.4.	Goði, Fáskrúðsfirði	22
2.6.5.	Geisli Breiðdalsvík	22
2.6.6.	Hornfirðingur, Höfn	22
2.7.	Suðurland	23
2.7.1.	Kópur, Kirkjubæjarklaustri	23
2.7.2.	Sindri, Vík í Mýrdal	24

2.7.3. Geysir, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra	24
2.7.4. Smári, Hreppum, Árnessýslu	25
2.7.5. Sleipnir, Selfossi	25
2.7.6. Logi, Biskupstungum	25
2.7.7. Trausti, Laugardal	25
2.7.8. Ljúfur, í Ölfusi	26
2.7.9. Háfeti, Þorlákshöfn	26
2.8. Reykjanes	27
2.8.1. Máni, Keflavík	27
2.8.2. Sörli, Hafnarfirði	27
2.8.3. Andvari, Garðabæ	28
2.8.4. Sóti, Álftanesi	28
2.8.5. Gustur, Kópavogi	28
2.8.6. Fákur, Reykjavík	29
2.8.7. Hörður, Mosfellsbæ	29
3 Niðurstöður og tillögur nefndarinnar	29
3.1 Almenn	29
3.2. Reiðhallir, reiðskemmur og reiðskálar	32
3.2.1. Almenn	32
3.2.2. Tillögur nefndarinnar	32
3.2.2.1. Reiðhöll á Akureyri	33
3.2.2.2. Reiðhöll í Borgarfirði	34
3.2.2.3. Reiðhöll á Fljótsdalshéraði	34
3.2.2.4. Reiðskemma á Hornafirði	34
3.2.2.5. Reiðskemmur á Snæfellsnesi og Ísafirði	35
3.2.2.6. Önnur svæði	35
3.3. Reiðleiðir	35
3.3.1. Almenn	35
3.3.2. Lagaleg staða reiðvega skv. vegalögum nr. 45/1994	36
3.3.3. Fjármögnun reiðvega	36
3.3.4. Samkomulag Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga frá 1992	37
3.3.5. Tillögur nefndarinnar	38
3.3.5.1. Almenn	38
3.3.5.2. Gerð nýrra reiðleiða	38
3.3.5.3. Aðstaða til hestaferðalaga	39
3.3.5.4. Tenging reiðleiða við þekktu áningar- og ferðamannastaði	39
3.3.5.5. Fjárveitingar – Aukin framlög til reiðvega	39
3.4. Stuðningur við menntun í hestamennsku - knapamerkjakerfið	40
3.4.1. Almenn um knapamerkjakerfið	40
3.4.1.1. Aðdragandi knapamerkjahugmyndarinnar	41
3.4.1.2. Markmið Knapamerkjakerfisins	41
3.4.1.3. Skipulag Knapamerkjakerfisins	41
3.4.1.4. Staða Knapamerkjakerfisins í dag	42
3.4.1.5. Framtíðarsýn	42
3.4.2. Tillögur nefndarinnar	43
3.4.2.1. Almenn	43
3.4.2.2. Fjármögnun	43
4. Helstu niðurstöður	44
4.1. Reiðhallir, reiðskemmur og reiðskálar	44

4.2. Reiðleiðir	45
4.3. Knapamerkjakerfið	46
5. <i>Viðaukar</i>	47
5.1. Tillaga til þingsályktunar	47
5.2. Þingsályktun um úttekt á aðstöðu til hestamennsku	48
5.3. Skipunarbréf nefndarinnar	49
5.4. Bréf til allra hestamannafélaga á landinu	50
5.5. Yfirlit yfir skráð reiðhús í Landskrá fasteigna	51
5.6. Kort af félagssvæðum hestamannafélaga innan LH	52
5.7. Stigagjöf fyrir tillögur um stuðning við byggingu reiðhúsa	53
5.8. Viðmælendalisti	54
5.9. Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 2004	55
5.10. Fjöldi félaga í LH 2004 og þingfulltrúar.	56

1 Almennt um efni og verksvið nefndarinnar

1. 1. Inngangur

Þingmennirnir Jónas Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Einar Már Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir og Þuríður Backman lögðu fram svohljóðandi tillögu til þingsályktunar á 128. löggafarþingi Alþingis “Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili álit fyrir 1. október 2003. Tillaga þessa efnis var samþykkt á Alþingi, sbr. ályktun Alþingis frá 15. mars 2003.

Í kjölfar ályktunar Alþingis skipaði landbúnaðarráðherra nefnd sem falið var það hlutverk sem mælt var fyrir um í ályktun Alþingis. Nefndin var þannig skipuð:

Atli Már Ingólfsson, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneyti, sem nefndarformaður.

Ágúst Sigurðsson, þáverandi hrossaræktarráðunautur Bændasamtaka Íslands, núverandi rektor Landbúnaðarháskóla Íslands

Ásgeir Margeirsson, formaður mannvirkjanefndar Landssambands hestamannafélaga

Eliás Bj. Gíslason, forstöðumaður upplýsinga- og þróunarsviðs Ferðamálaráðs Íslands

Guðný Jóhannesdóttir, þáverandi formaður íþróttá- og tómstundaráðs Akureyrarbæjar

Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri, sem jafnframt var einn af flutningsmönnum tillögunnar á Alþingi.

Nefndarstarfinu var þannig háttað að bréflaga var óskað eftir því að formenn allra hestamannafélaga á landinu tækju saman yfirlit yfir þá aðstöðu til hestamennsku, í víðum skilningi, sem til væri á starfssvæði þeirra hvort sem um væri að ræða aðstöðu í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða stofnana. Óskað var sérstaklega eftir upplýsingum um það hvort reiðskemmur væru á svæðinu og þá hverrar gerðar, hvort keppnisvellir væru á svæðinu, hvort þar væru sérstaklega gerðar reiðleiðir og um reiðleiðir á skipulagi sveitarfélags. Einnig var óskað upplýsinga um félagsaðstöðu hestamanna eða félagshesthús á svæðinu og upplýsinga um aðstöðu fyrir hestamennsku tengda ferðaþjónustu. Enn fremur var óskað upplýsinga um fyrirkomulag barna- og unglíngastarfs hestamannafélaganna og annarra upplýsinga um aðstöðu er skipt gæti máli út frá efni fyrirspurnarinnar.

Nefndin óskaði einnig eftir almennum hugmundum eða afstöðu allra hestamannafélaga á landinu til þess hvernig þau teldu uppbyggingu á hestamennsku á landsbyggðinni væri best háttað. T.d. um hugmyndir þeirra þess efnis hvar hentugast væri að koma upp reiðhúsum eða leggja reiðvegi milli landshluta o.s.frv. Nefndin vakti sérstaka athygli félaganna á því að mjög mikilvægt væri fyrir þau að vanda sem best svör sín við ofangreindum spurningum, því á grundvelli þeirra upplýsinga sem nefndin aflaði sér og með hliðsjón af hugmyndum félaganna og niðurstöðu nefndarinnar kynni hugsanlegum stuðningi ríkisins til málefnsins að verða varið. Nefndin starfaði skv. þeirri skilgreiningu

að þar sem talað væri um “landsbyggðina” í ályktun Alþingis og í erindisbréfi nefndarmanna væri átt við svæðið utan hins hefðbundna höfuðborgarsvæðis, þ.e. utan Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Álftaness. Hins vegar var óskað eftir hugmyndum hestamannafélaga á þessu svæði líka því ljóst þótti að hugmyndir þeirra og reynsla gætu reynst dýrmætar og einnig var horft til þess að hugsanleg uppbygging á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni gæti nýst öðrum en þeim sem búsettir væru á viðkomandi svæðum þar sem uppbyggingin færi hugsanlega fram.

Nefndin hélt alls fimm fundi, þar sem m.a. var farið yfir umsagnir frá hestamannafélögum. Nefndin kallaði einnig á sinn fund Kristinn Guðnason frá Félagi hrossabænda, Atla Guðmundsson frá Félagi Tamningamanna, Einar Ragnarsson frá Landssambandi hestamannafélaga, Lárus Dag Sigurðsson frá Landsmóti ehf., Einar Bollason frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Þorleif Þór Jónsson einnig frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður starfs nefndarinnar er að finna í þeirri skýrslu sem hér gefur að líta. Í skýrslunni er gefið yfirlit yfir þá aðstöðu til hestamennsku sem er að finna á landsbyggðinni. Í skýrslunni er síðan að finna tillögur nefndarinnar um það hvernig stuðningi ríkisins til uppbyggingar verði best háttað.

Reykjavík, 18. febrúar 2005

 sign
Atli Már Ingólfsson

 sign
Ágúst Sigurðsson

 sign
Guðný Jóhannesdóttir

 sign
Ásgeir Margeirsson

 sign
Jónas Hallgrímsson

 sign
Elías Bj. Gíslason

1.2. Hugtök og skilgreiningar

Í eftirfarandi kafla eru helstu hugtök sem notuð eru í skýrslu þessari skilgreind, en nauðsynlegt þótti til skýringar að setja hér inn þær almennu skilgreiningar sem til eru yfir nokkur hugtök sem koma fram í skýrslunni svo og að bæta við skilgreiningu yfir þau hugtök sem ekki eru til skilgreind en notuð eru af nefndinni.

Skilgreiningar

Reiðhöll er húsnæði til hvers konar þjálfunar og sýningar á hrossum innanhúss, þar sem aðstaða er fyrir nokkurn fjölda áhorfenda, ásamt nauðsynlegri hreinlætis- og salernisaðstöðu. Gólflötur reiðvallar er frá 40x20 m og stærri.

Reiðskemma er húsnæði til þjálfunar og reiðnámskeiðahalds þar sem hvorki er gert ráð fyrir fjölda áhorfenda eða miklu öðru plássi en gólffleti hallarinnar sjálfrar. Gólflötur reiðskemmu er á bilinu 12x10 m til u.þ.b. 40x20 m. Húsnæði er ekki ætlað til sýningahalds eða fyrir stóra viðburði.

Reiðskáli er aðstaða fyrir tanningamann til vinnu með hest innandyra. Gólflötur reiðskála er almennt um 12x10 m eða minni.

Reiðleið er notað um reiðveg sem er hluti af samhangandi kerfi reiðvega. Er þá bæði átt við leið frá náttúrunnar hendi og manngerðan reiðveg.

Reiðhús er samheiti yfir reiðhallir, reiðskemmur og reiðskála.

Stofnleiðir eru aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga og tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis.

Héraðsleiðir eru tengingar milli bæja og fornar leiðir sem ekki þola mikla umferð. Yfirleitt er þar aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

Þéttbýlisleiðir eru leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir á milli hesthúshverfa. Rekstur lausra hrossa er þar bannaður.

1.3. Niðurstaða nefndarinnar í stuttu máli

Reiðhús. Nefndin leggur til að ríkisvaldið styrki sérstaklega byggingu reiðhúsa á ákveðnum stöðum á landsbyggðinni, skv. skilgreiningu nefndarinnar á slíkum mannvirkjum.

- **Reiðhöll á Akureyri.** Akureyri hlaut flest stig hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir þar sem óskað var eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji við byggingu reiðhallar á Akureyri.

- **Reiðskemma í Borgarfirði.** Borgarfjörður hlaut næst flest stig hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir þar sem óskað var eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji við byggingu reiðskemmu í Borgarfirði á Hvanneyri eða í Borgarnesi eftir samkomulagi heimamanna.

-**Reiðhöll á Fljótsdalshéraði.** Fljótsdalshérað varð í þriðja sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji við byggingu reiðhallar á Fljótsdalshéraði.

-**Reiðskemma á Hornafirði.** Hornafjörður varð í fjórða sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir þar sem óskað var eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji við byggingu reiðskemmu á Hornafirði.

-**Reiðskemmur á Snæfellsnesi og Ísafirði.** Snæfellsnes og Ísafjörður urðu í 5. – 6. sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji við byggingu reiðskemma á Ísafirði og á norðanverðu Snæfellsnesi.

Reiðleiðir. Nefndin leggur til að hætt verði að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum eftir því sem frekast er kostur. Þess í stað verði þegar hafist handa við það, í samstarfi við L.H. og Vegagerðina að leggja reiðleiðir þar sem þær voru áður eftir því sem heimildir og kort mæla fyrir um, eða á nýjum stað, en ekki við þjóðveginn eða á helgunarsvæði hans. Gripið verði til aðgerða til að tryggja lagningu slíkra reiðleiða.

Bætt aðstaða meðfram reiðleiðum. Nefndin leggur til að um leið og reiðleið er lögð sé þess gætt að nauðsynleg aðstaða sé jafnframt byggð upp eða gert ráð fyrir henni.

Tenging áningarstaða með reiðleiðum. Nefndin leggur til að farið verði sérstaklega yfir það hvernig tengja megi vinsæla staði við stofnleiðir og héraðsleiðir, fornar og nýjar og veittir fjármunir til uppbyggingar slíkra reiðleiða.

Aukin framlög til reiðvega. Nefndin leggur til að framlög til reiðvega af Vegaáætlun verði tvöfölduð.

Sérstök fjárveiting af fjárlögum. Nefndin leggur til að ríkisstjórnin samþykki, í eitt sinn, sérstaka fjárveitingu á fjárlögum, umfram tekjur Vegasjóðs sem fjárframlag vegna átaks við gerð reiðleiða og mannvirkja tengdum þeim á landsbyggðinni.

Nefnd L.H. og Vegagerðarinnar. Nefndin leggur til að komið verði á fót nefnd skipaðri fulltrúum frá L.H. og Vegagerðarinni er geri tillögur að því hvernig sérstöku fjármagni vegna átaks í reiðvegamállum skuli varið.

Knapamerkjakerfið. Nefndin leggur til að ríkisvaldið styðji við uppbyggingu knapamerkjakerfisins. Kannað verði hvort hægt sé að koma slíkum stuðningi að í gegnum

hið almenna menntakerfi landsins eða með öðrum hætti eftir því sem best nýtist verkefninu.

2 Aðstaða til hestamennsku á landsbyggðinni eftir landssvæðum

2.1. Almenn

Hér fer á eftir upptalning á þeirri aðstöðu sem nefndin hefur upplýsingar um að sé að finna í viðkomandi landshlutum og á félagssvæðum einstakra félaga á svæðunum. Einnig er hér gerð grein fyrir hugmyndum stjórna eða formanna hestamannafélaganna á því hvaða aðstöðu þyrfti helst að bæta á svæðinu.

2.2. Vesturland

2.2.1. Dreyri, Akranesi

Félagssvæði Dreyra nær yfir fimm sveitarfélög, sem eru Akranes og hrepparnir sunnan Skarðsheiðar¹.

Á félagssvæðinu að Æðarodda eru tveir hringvellir, auk skeiðbrautar. Reiðleiðir eru komnar á skipulag Akraness út frá hestúshaverfinu að Æðarodda og reiðleið hefur verið lögð í kringum Akrafjall sem tengist Æðarodda báðum megin frá. Dreyri hefur yfir að ráða félagshúsi til samkomuhalds sem staðsett er á félagssvæðinu. Á félagssvæði Dreyra er ekki að finna reiðhöll og rekur félagið ekki félagshesthús. Aðstaða fyrir hestatengda ferðaþjónustu er í Tungu í Svínadal.

Tillögur: *Talið er að það bráðvanti reiðhöll á svæðið. Einnig bráðvanti áningarhólf meðfram þjóðvegum á svæðinu. Bæta þarf reiðleiðina upp í Hvalfjörð og inn í Botnsdal.*

2.2.2. Skuggi, Borgarnesi

Félagssvæði Skugga er Borgarnes.

Á félagssvæðinu er ein svokölluð reiðskemma í einkaeigu, staðsett á Stað í Borgarbyggð. Um er að ræða óupphitað stálgrindarhús sem nýtt er af eiganda til námskeiðahalds og tannunga. Keppnisvellir á félagssvæðinu eru við Vindás skammt ofan Borgarness. Um er að ræða tvo 300 metra hringvelli og einn 200 metra völl, sem tengdir eru saman með

¹ Allar heimildir um félagssvæði hestamannafélaga á landinu er fengnar úr Landsmótsskrá 2002 fyrir landsmót hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði. Samantekt: Anna Sif Ingimarsdóttir og Ágúst Sigurðsson. Kort á fylgiskjali 5.6. var unnið eftir framangreindri heimild.

beinni braut. Skipulag reiðleiða mun vera skammt á veg komið í sveitarfélaginu. Reiðleiðir út frá hesthúsaþverfi Skugga eru ekki margar. Sérstakar reiðleiðir eru þó frá hesthúsaþverfinu vestur að Langá og önnur úr hverfinu að Snæfellsnesvegi við Borg og þaðan vestur að Langá. Félagið á gott félagsheimili á svæðinu sem nýtt er til fundarhalda og skemmtana á vegum félagsins. Einnig leigt út til annars samkomuhalds.

Tillögur: *Stjórn Skugga telur afar brýnt að stórauka fjármagn til reiðvegagerðar. Nefnt er sem dæmi að í Borgarfirði eru margar afar góðar reiðleiðir sem séu fjölfarnar á sumrin. Tengja þurfi Borgarnes við þessar reiðleiðir, t.d. með leiðinni upp að Gufuá. Einnig er bent á það af hálfu stjórnar Skugga að bygging reiðskemmu í Borgarnesi sé afar nauðsynleg til framgangs hestamennsku sem íþróttar.*

2.2.3. Faxi, Borgarfirði

Félagssvæði Faxe nær yfir Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og Mýrasýslu. Fram kemur að á félagssvæði Faxe er að finna þrjár reiðskemmur í eigu einstaklinga, ein af þeim mun vera nýleg, hinar eldri. Á Hvanneyri er keppnisvöllur í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands. Einnig er um einskona keppnisvöll að ræða að Faxaborg en þar eru grónir árbakkar sem lagfæra þarf ár hvert fyrir mót, þar sem á vetrum flæðir Hvíta yfir svæðið. Lítilsháttar af reiðleiðum hefur verið lagt með þjóðvegum á svæðinu. Hestamannafélagið er með svæðið að Faxaborg á leigu, en þar mun vera lélegt húsnæði í eigu félagsins sem notað er einu sinni á ári fyrir svonefnda Faxagleði. Á svæði Faxe eru a.m.k. sex bú sem tengd eru ferðaþjónustu í kringum hestamennsku.

Tillögur: *Engar sérstakar tillögur komu frá Faxe.*

2.2.4. Snæfellingur, Snæfellsnesi og Hnappadal

Félagssvæði Snæfellinga er Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

Á félagssvæði Snæfellinga hefur verið byggð upp aðstaða til stórmótahalds á Kaldármelum í Kolbeinsstaðahreppi. Mótssvæðið er í landi ríkisins á jörðinni Hraunsmúla. Á svæðinu eru tveir löglegir keppnisvellir, skeiðvöllur og kynbótavöllur. Á svæðinu er einnig veitingaskáli og stóðhestahús. Í Grundarfirði á Hesteigendafélag Grundarfjarðar nýtt félagshús sem notað er til margs konar samkomuhalds. Í þéttbýliskjörnunum á svæðinu Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og Hellissandi hafa verið gerðir keppnisvellir, tamingagerði og á flestum stöðunum er aðstaða til einhverskonar félagsiðkunar. Engin stór reiðskemma er á félagssvæðinu en einstaklingar hafa komið sér upp inniaðstöðu til tamninga. Snæfellingur hefur á leigu hluta jarðarinnar Hólsland í Eyja- og Miklaholtshreppi og rekur þar stóðhestagirðingu á sumrin og hefur aðstaðan nýst Vestlendingum vel. Uppbygging og gerð reiðvega í tengslum við reiðleiðina um Löngufjörur hefur aflað félaginu mikils reiðvegafjár undanfarin ár, en enn mun vera mikið óunnið þar. Á svæðinu eru um 10 hestaleigur og ferðatengd hestamenskufyrirtæki og 7-8 tamningastöðvar. Fjöldi hrossaræktenda á svæðinu öllu er áætlaður um 40 talsins. Fyrirtæki sem saumar hestaábreiður er staðsett á svæðinu, auk fyrirtækis sem hannar og smíðar reiðmél og stangir.

Tillögur: *Bent er á að ráðast þurfi í tengingu reiðleiða um Löngufjörur við gamla veginn um Kerlingaskarð sem að nú sé tilvalinn reiðvegur með tilkomu akvegur um Vatnaleið. Uppbygging reiðhallar á svæðinu er talin mjög mikilvæg. Bent er á að slíkt hús sé*

nauðsynlegt til að standast samkeppni. Er það mat stjórnar Snæfellinga að það myndi gjörbreyta allri aðstöðu til námskeiðahalds og kennslu.

2.2.5. Glaður, Búðardal.

Félagssvæði Glaðs er Dalasýsla.

Keppnisvöllur sem er í eigu Glaðs er á Nesodda á leigulandi í landi Erpsstaða. Gamall völlur er einnig í Búðardal. Unnið hefur verið á undanförunum árum við lagningu reiðvegar meðfram þjóðvegi 60 milli Búðardals og Nesodda, mótssvæðis Glaðs, á vegum Dalabyggðar. Aðrar reiðleiðir í sveitarfélaginu eru ekki á skipulagi. Nokkrir aðilar eru á svæðinu sem sérhæft hafa sig í því að taka á móti hestaferðafólki og er nefnd til sögunnar aðstaða að Svarfhóli í Miðdölum. Á bæjunum Hamraendum og Staðarfelli er í uppbyggingu starfsemi fyrir skipulagðar hestaferðir.

Tillögur: *Stjórn hestamannafélagsins Glaðs leggur áherslu á gerð góðra reiðvega á svæðinu og telur ljóst að miklu meira fé þurfi að verja til þess málaflokks. Telur stjórnin að það ætti að vera í verkahring ríkisins að leggja slíka reiðvegi. Bent er á að umferð akandi- og ríðandi fólks fari alls ekki saman og stafi hætta af of mikilli nánd slíkra mismunandi umferðar. Bent er á að mikið er af gömlum reiðleiðum í Dalasýslu og á milli aðliggjandi sýslna og er oft mikil umferð um slíka vegi, einkum í tengslum við sameiginleg fjórðungsmót sem haldin eru á Kaldármelum. Einnig er lögð áhersla á að gamlar reiðleiðir þurfi að merkja t.d. gömlu leiðirnar yfir Bröttubrekku, yfir Sópandaskarð og nokkrar leiðir er liggja um Hörðudal yfir í Snæfellssýslu. Allar þessar leiðir bjóði upp á mikla möguleika í ferðamannaþjónustu og ætti því að halda þeim við. Engin reiðhöll er á svæðinu.*

2.3. Vestfirðir

2.3.1. Kinnskær, Króksfjarðarnesi.

Félagssvæði Kinnskærs er Austur-Barðastrandasýsla.

Á félagssvæði Kinnskærs er engin reiðskemma. Tveir reiðvellir eru á svæðinu annar á Reykhólum, en þar er um að ræða 300 metra hringvöll. Hinn hringvöllurinn er á leigulandi sem Kinnskær hefur til umráða í landi Borgar, en þar er um að ræða 200 metra hringvöll með 300 metra breiðri braut. Engar sérstaklega gerðar reiðleiðir eru á svæðinu né á skipulagi sveitarfélagsins. Félagið á engar húseignir, en hefur aðstöðu til fundarhalda og sambærilegrar starfsemi í skólahúsnæði sem notast sem félagsheimili á svæðinu. Ekkert félagshesthús er á svæðinu. Lítilsháttar aðstaða til ferðamennsku tengdri hestamennsku er á einum bæ á svæðinu. Önnur aðstaða til hestamennsku er skiptir máli út frá hagsmunum almennings er ekki sögð á svæðinu.

Tillögur: *Frá félaginu bærust ekki sérstakar tillögur um umbætur.*

2.3.2. Stormur, Þingeyri.

Félagssvæði Storms nær frá Ísafjarðardjúpi vestur á Barðaströnd.

Tveir keppnisvellir eru á svæði félagsins, hringvöllur og skeiðvöllur sem eru á mótssvæði félagsins að Söndum í Dýrafirði. Engin reiðskemma er á félagssvæði Storms. Unnið hefur verið að því að bæta reiðleiðir á milli byggðakjarna. Unnið er að því að færa reiðvegi á skipulag sveitarfélaga og er stefnan sú að leggja reiðvegi meðfram þjóðvegum með bundnu slitlagi. Reiðvegur hefur verið lagður á milli Öundurarfjarðar og Bolungarvíkur sem fær er á sumrin. Lítið samkomuhús er í eigu félagsins þar sem samkomur eru haldnar og fundir. Tvær hestaleigur eru starfræktar á svæðinu. Hestaleigan Fold á Söndum í Dýrafirði og önnur á Ingjaldssandi.

Tillögur: *Formaður Storms telur að bygging reiðskemmu sé efst á forgangslista félagsins og æskilegt væri að slíkt hús væri staðsett miðsvæðis á Ísafirði. Myndi slík reiðskemma jafnframt henta ágætlega fyrir hestamenn á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafirði, Súðavík og Bolungarvík þar sem heilsársamgöngur á þessu svæði séu nokkuð góðar. Að mati formanns Storms ætti bygging slíkrar reiðskemmu að vera samvinnuverkefni Storms og Hendingar á Ísafirði. Slíkt hús býði upp á stórauðna samvinnu félaganna á svæðinu yfir vetrartímann, námskeiðahald myndi stórauðkast. Einnig er vakin athygli á því að hægt væri að gera félagssvæði Storms að Söndum glæsilegt út garði, með lagfæringu á keppnisvöllum og öðrum mannvirkjum. Mikið verk er óunnið í sambandi við reiðvegagerð á Vestfjörðum að mati formanns Storms.*

2.3.3. Hending, Ísafirði.

Félagssvæði Hendingar er Ísafjarðardjúp.

Á félagssvæði Hestamannafélagsins Hendingar er einn keppnisvöllur í Hnífsdal ásamt kennslugerði. Það svæði leggst af, þar sem yfir stendur flutningur á aðstöðu hestamanna á svæði í Engidal í Skutulsfirði. Starfsvæðið í Hnífsdal er á þekktu snjóflóðasvæði og verður aflagt samhliða uppbyggingu í Engidal sem verður framtíðarsvæði hestamanna samkvæmt skipulagi Ísafjarðarbæjar í Engidal. Á því svæði er verið að reisa hesthús og aðstöðu fyrir hestamenn. Upp er komið kennslugerði og verður farið í undirbúning á vallarstæði í vor.

Engar reiðhallir eru á þessu svæði. Til tals hefur komið sú hugmynd að reisa slíka aðstöðu með samvinnu Hestamannafélagsins Storm sem hefur aðstöðu á Þingeyri og Bolungarvík. Einnig hefur Héraðasamband Vestfjarða haft hug á að koma annarri íþróttaaðstöðu þarna inn, til dæmis Golfklúbbi Ísafjarðar og boltafélögum á svæðinu.

Eins er fyrirhuguð félagsaðstaða Hestamannafélagsins í reiðhöllinni. Félagið sjálf á ekki húsnæði til félagsaðstöðu eða félagshesthús.

Ferðapjónusta er ekki fyrir hendi sem stendur en hún var starfrækt á Þingeyri síðustu fjögur árin en er hætt störfum

Barna- og unglíngastarf hefur verið með ágætum og hafa verið haldin reiðnámskeið bæði á Ísafirði og Bolungarvík á hverju vori og hafa hestamannafélögin sameinast um þá þjónustu, auk þess sem haldin hafa verið fullorðinsnámskeið á hverju vori.

Unnið hefur verið við reiðleiðir frá Þingeyri og er sá vegur komin inn að brú yfir Dýrafjörð sem er samkvæmt skipulagi og á hann að halda áfram yfir á Ísafjörð samkvæmt sama skipulagi og er eftir töluverð vinna við þann veg. Skipulagður reiðvegur er frá hesthúsahverfinu í Engidal um Kirkjubólshlíð út í Arnardal og er búið að leggja 2,4 km af þeim vegi og vonast er til að haldið verði áfram með þann kafla í sumar.

Tillögur: Bent er á að það vanti reiðveg frá hesthúsahverfinu í Hnífsdal inn í Skutulsfjörð og til Bolungarvíkur þannig að ekki þurfi að ríða eftir þjóðvegi á mill svæða. Telur stjórn Hestamannafélagsins Hendingar að skoða megi þann möguleika í sambandi við reiðleiðir að gamlir þjóðvegir verði teknir undir reiðleiðir en ekki eyðlagðir um leið og nýir vegir koma í staðinn. Ljóst er einnig að óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu reiðhúss á Ísafirði

2.4. Norðurland vestra

2.4.1. Þytur, Húnaþingi vestra.

Félagssvæði Þyts er Húnaþing vestra.

Á félagssvæðinu er reiðskemma á Hestamiðstöðinni að Gauksmýri í stærðinni 25x40 m. Skemman er óeinangruð og með nokkra aðstöðu fyrir áhorfendur. 30 m² aðstaða er aflokuð og einangruð þar sem aðstaða er til að halda fundi og smærri samkomur. Félagið á keppnisvöll í Kirkjuhvammi við Hvammstanga. Um er að ræða 250 m hringvöll með 350 m beinni braut. Nýlega er búið að vinna aðalskipulag fyrir hesthúsavæði félagsins af hálfu Húnaþings vestra þar sem tilgreindar eru allar reiðleiðir á svæðinu, sem munu vera allmargar. Félagið hefur unnið að því að færa reiðleiðir frá þjóðvegi 1 og lokið er gerð slíks reiðvegar frá Hvammstangabraut að Vesturhópsvegi um 7,5 km leið. Unnið er að lagningu sambærilegs vegar frá vegamótum Hvammstangavegar og þjóðvegar 1 til Hvammstanga um 4,5 km lengd. Ferðaþjónusta tengd hestamennsku er á nokkrum stöðum á svæðinu, t.d. á Gauksmýri og á Brekkulæk.

Tillögur: Félagið leggur áherslu á að mjög gott væri ef félagið eignaðist eða ræki sjálft sína eigin reiðhöll. Veita mætti meiri peningum til uppbyggingar reiðvega á svæðinu.

2.4.2. Neisti, Blönduósi.

Félagssvæði Neista er Húnaþing eystra.

Reiðskemma er á Blönduósi. Aðrar upplýsingar um aðstöðu bárust ekki frá Neista.

Tillögur: Reisa þarf nýjan völlum við reiðskemmu sem er á svæðinu.

2.4.3. Snarfari, Skagaströnd.

Félagssvæði Snarfara er Skagaabyggð.

Svör bárust ekki frá Hestamannafélaginu Snarfara og er nefndinni ekki kunnugt um þá aðstöðu sem til staðar er á félagssvæði Snarfara.

2.4.4. Léttfeti, Sauðárkróki, Stígandi, Skagafirði, Svaði, Hofsósi.

Sameiginleg svör bárust frá hestamannafélögunum í Skagafirði, þ.e. Léttfeta sem nær til Sauðárkróks og nágrennis, Stíganda sem nær til framanverðs Skagafjarðarhéraðs og Svaða sem nær til Hofsóss, Fljóta og nágrennis.

Á svæðinu er reiðhöllin Svaðastaðir á Sauðárkróki sem er í eigu hlutafélagsins Flugu hf. Hlutfar félagsins eru um 120 talsins. Húsið er stórt og rúmgott. Grunnflötur þess er 2600 m², einangrað, vel upplýst og rúmar 500 manns í sæti. Tilkoma hússins hefur verið mikil lyftistöng fyrir hestamennsku í Skagafirði og hefur mikil og öflug starfsemi farið þar fram allt frá opnun hússins. Mun aðstaðan vera forsenda fyrir markvissu og öflugu vetrarstarfi, s.s. námskeiðum hvers konar, barna- og unglíngastarfi, mótum, sýningum o.fl.

Á Hólum í Hjaltadal eru einnig tvö reiðkennsluhús sem nýtast fyrst og fremst við skólustarfið þar. Töluvert er einnig um að hestamenn hafi komið sér upp inniaðstöðu sjálfir til að stunda tæmningar. Á Vindheimamelum er aðstaða til stórmótahalds, þar sem landsmót var m.a. haldið 2002 og verður aftur haldið 2006. Vindheimamelar eru keppnissvæði Stíganda. Léttfeti hefur sitt eigið keppnissvæði á Sauðárkróki og Svaði sitt keppnissvæði við Hofsósi. Keppnisvöllur er einnig við Hofsósi og annar á Hólum í Hjaltadal. Bent er á að hestamenn hafi nær alfarið þurft að kosta þessa uppbyggingu sjálfir og viðhald hennar og sé því töluverður aðstöðumunur hvað hestamenskuna varðar í samanburði við aðrar íþróttagreinar sem njóta mikilla framlaga af opinberu fé. Er bent á að eðlilegt hljóti að teljast að ríki og sveitarfélög komi að gerð og viðhaldi/rekstri þessara mannvirkja með líkum hætti og viðgengst um önnur íþróttamannvirki.

Nokkuð hefur verið lagt af reiðgötum í Skagafirði en félögin telja að mikið fjárfrekt verk sé óunnið. Reiðgötur hafa aðallega verið lagðar meðfram þjóðvegum, sem ekki getur talist góður kostur að mati félaganna, en nýtast þó að vissu marki. Hestamannafélögin hafa sameiginlega mótað tillögur um reiðvegi í héraði, sem lagðar hafa verið fyrir skipulagsyfirlögd, en vinnu við aðalskipulag Skagafjarðar er ólokið.

Léttfeti á félagsheimili, Tjarnarbæ, sem þjónar hlutverki sínu vel. Stígandi á jörðina Torfgarð en á henni er ágætis hús. Svaði hefur ekki yfir að ráða félagsaðstöðu. Í anddyri reiðhallarinnar Svaðastaða er einnig góð aðstaða sem nýtist vel í þágu hestamanna. Félagshesthús Svaða er á Hofsósi og á Torfgarði, jörð Stíganda, er hesthús. Léttfeti hefur hins vegar ekki yfir að ráða slíkri aðstöðu.

Nokkrir aðilar á félagssvæðunum bjóða lengri og styttri ferðir fyrir hestafólk með þeirri lágmarksaðstöðu sem slík starfsemi kallar á.

Tillögur: Af hálfu hestamannafélaganna er bent á að reiðhallir/reiðskemmur/reiðskálar nýtast hestamenskunni mjög vel og séu nauðsynlegar í rýsjótttri vetrartíð, þegar hestaíþróttin er vinsæl. Slík inniaðstaða er forsendan fyrir öflugu barna- og unglíngastarfi, markvissri kennslu og fræðslustarfi í íþróttinni. Einnig er slík aðstaða forsenda fyrir sýningahaldi á veturna. Inniaðstaða er einnig bráðnauðsynleg fyrir þá sem stunda tæmningar og þjálfun að atvinnu. Bent er á að reiðhallir eru misjafnrar gerðar, hafi mismunandi hlutverki að gegna og geti verið mjög mismunandi dýrar í uppbyggingu og rekstri. Reiðhallir, upphitaðar og vellýstar með áhorfendarymi fyrir nokkur hundruð manns og annarri slíkri aðstöðu, eru mjög dýrar byggingar og þungar í rekstri. Slík hús geta því ekki orðið mörg á landinu og eiga best heima í þéttbýli að mati félaganna og þykir þeim eitt hús í hverjum fjórðungi engin ofrausn. Telja félögin eðlilegt og nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög kosti byggingu og rekstur slíkra húsa að stærstum

hluta, enda oftast um að ræða fjölnota hús. Reiðhús sem fyrst og fremst þjóna því hlutverki að vera vinnuhús fyrir tamningar, þjálfun og kennslu, en eru með mjög takmörkuðu rými fyrir áhorfendur eða jafnvel engu, þurfa ekki að vera mjög dýr í byggingu eða rekstri og þeirra er þörf sem víðast þar sem einhver starfsemi er í hestamennsku. Slik aðstaða er jafn nauðsynleg og góðar útreiðaleiðir að mati félaganna þriggja.

Að mati félaganna hlýtur það að teljast áhyggjuefni að hestaíþróttin situr ekki við sama borð í flestum tilfellum og aðrar íþróttagreinar, þegar kemur að fjárhagslegum stuðningi ríkis og sveitarfélaga. Bygging og viðhald keppnisvalla og annarrar aðstöðu er yfirleitt framkvæmd af félögunum sjálfum meðan önnur íþróttasvæði og íþróttahús eru kostuð og rekin af sveitarfélögunum. Í þessu sambandi vísa félögin í 2. gr. íþróttalaga: “Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi kost á að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Samstarf ríkis og sveitarfélaga við hina frjálsu íþróttahreyfingu skal taka mið af gildi íþróttaiðkunar fyrir uppeldis- og forvarnarstarf.”

Benda félögin á að það að marka reiðvegi til framtíðar með skipulögðum og tryggum hætti, þar sem saman fara tillögur hestamanna, skiplag sveitarfélaga og stuðningur Vegagerðar ríkisins, sé eitthvert almesta hagsmunamál hestamanna og hestaferðamennsku um þessar mundir. Hestaferðalög verða sívinsælli bæði sem tómstundagaman hestamanna og eins er um að ræða umfangsmikla atvinnustarfsemi þeirra sem standa fyrir skipulögðum hestaferðum. Bent er á þá miklu breytingu sem orðin er á þjóðvegakerfinu. Hestum er nú hætta búin á þjóðvegum. Telja félögin nauðsynlegt að auka fjárframlag til reiðvegagerðar stórlega. Bæta þarf reiðleiðauppbyggingu með mörkuðum góðum reiðleiðum þar sem áningarhólf er að finna. Slíkt myndi styðja við hestaferðamenskuna. Nefnt er að mikil nauðsyn sé á því að tilnefna vegahaldara sem sjái um viðhald reiðvega.

2.5. Norðurland eystra

2.5.1. Glæsir, Siglufirði

Félagssvæði Glæsis er lögsagnarumdæmi Siglufjarðar.

Hestamannafélagið Glæsir á 300 m² reiðskemmu, sem er stálgrindarhús. Keppnisvellir eru tveir, annar framarlega í firðinum. Þar er um að ræða 350 m hringvöll sem kominn er til ára sinna og þarfnast lagfæringar. Á sama svæði er einnig 300 m löng hlaupabraut sem þarfnast lagfæringar. Sérhannaður íþróttavöllur er á bökkum Hólsár, sem er á skipulögðu svæði fyrir hestamennsku. Völlurinn var vígður árið 2002 á 60 ára afmæli Glæsis. Á sama svæði er einnig 350 m hlaupabraut og gerði sem er 40x20 m. Á svæðinu er einnig hringgerði til tamninga og gerði við reiðskemmu. Félagsaðstaða er á svæðinu, en þar er um að ræða 55 m² timburhús sambyggt reiðskemmu sem nýtist sem hreinlætisaðstaða, kaffistofa og fundarherbergi.

Reiðleiðir á skipulagi eru fáar, en í skipulagi sem unnið er að og gilda á til 2023 er gerð á því bragarbót sem félagið er nokkuð sátt við. Af hálfu félagsins er minnst á það að samstarfið við bæjaryfirvöld gæti verið betra. Hjá bæjaryfirvöldum sé mesta áherslan

lögð á boltaíþróttir og skíðaíþróttir og e.t.v. golf og eru allar þessar íþróttagreinar reknar af bæjarfélaginu í orðsins fyllstu merkingu, en hestamenn þurfi sjálfir að sjá um sín mál meðan fyrrnefndar greinar fá rekstrarstyrki sem gera þeim kleift að vera með mann á launum yfir sumarið til að sjá um svæðin og mótahald. Nefnt er að félagið hafi sótt um styrki til starfs síns til Íþróttasjóðs Íslands en félagið sé ekki styrkhæft þar sem um hestamenn sé að ræða. Engar tilbúnar reiðleiðir er að finna á svæðinu og ekki fyrir en komið er að Hofsósi.

Tillögur: *Um tillögur vísast til þess sem framkemur í innsendu erindi Glæsis, en sérstakar tillögur bárust ekki.*

2.5.2. Gnýfari, Ólafsfirði

Félagssvæði Gnýfara nær yfir Ólafsfjörð og nágrenni.

Á Ólafsfirði er hringvöllur og skeiðbraut í góðu ásigkomulagi. Ef göng verða gerð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar þarf hins vegar að færa hann. Tvær merktar leiðir, sem notaðar eru bæði af hestamönnum og öðrum eru yfir Ólafsfjarðarskarð til Héðinsfjarðar. Ágætis félagsaðstaða er í húsi félagsins og hittist fólk þar reglulega. Félagið á einnig sex hesta hesthús.

Tillögur: *Tillaga Gnýfara er að reiðhöll verði byggð á Akureyri sem hægt væri að nota til mótahalds á veturna, en vegna fjarlægðar yrði slík höll þó ekki notuð til æfinga af hestafólki Gnýfara. Bent er á að engin reiðleið er frá Ólafsfirði til Skagafjarðar eins og æskilegt væri.*

2.5.3. Hringur, Dalvík

Félagssvæði Hrings er Svarfaðardalur og Dalvík.

Félagið á reiðgerði sem er á félagssvæðinu í Hringsholti sem áður var refahús. Reiðgerði er 16x28 m. Í Hringsholti er einnig félagsaðstaða með eldhúsi, fundarsal, opnu rými og salernum. Keppnisvöllur með áhorfendabrekku er aðliggjandi reiðskemmuni. Völlurinn er 250 m með 200 m langri beinni braut. Fyrirhugað er að endurgera völinn, færa hann til og lengja skeiðbrautina í 300 m til að þar sé hægt að halda stærri mót. Ekki er fyrir séð um fjármögnun þess verkefnis.

Tveir aðilar á félagssvæðinu reka ferðapjónustu, hestaleigu, námskeiðahald, gistingu og stuttar ferðir.

Tillögur: *Af hálfu félagsins er bent á að engin reiðhöll sem slík sé á Eyjafjarðarsvæðinu. Hvað reiðleiðir varðar er bent á að áhugi hestamanna á ferðalögum fari sívaxandi og því séu reiðleiðir á milli landshluta nauðsynlegar. Því miður sé sífellt verið að þrengja að hestamönnum hvað þetta varðar og þó nokkuð miði í lagningu reiðvega, fækki þeim reiðgötum sem hestamönnum séu færar m.a. vegna vegagerðar og þess að girt er fyrir reiðleiðir. Mjög misjafnt er eftir svæðum hvaða viðhorf bændur hafa til hestamanna og eru sum svæði því mjög ógreiðfær og jafnvel ófær riðandi mönnum. Telur stjórn Hrings að mjög mikilvægt sé að taka öll þessi mál til endurskoðunar og hefja átak við að gera landið aðgengilegt fyrir hestaumferð og hestamenn eins og aðra landsmenn. Bendir stjórn Hrings á að á síðustu árum hafi Hringur gert átak í lagningu reiðvega sem nauðsynleg sé að haldi áfram. Bent er á að reiðleiðin til Akureyrar sé á löngum köflum ófær riðandi mönnum með rekstur. Sumstaðar þrengja bændur sífellt meir að*

hestamönnum með girðingum. Annars staðar verða menn að ríða á malbikuðum þjóðvegum þar sem umferð er hröð og oft mikil. Ekkert áningarhólf er á framangreindri leið né á öðrum leiðum sem notaðar eru til langferða út frá svæði félagsins.

2.5.4. Léttir, Akureyri

Félagssvæði Hestamannafélagsins Léttis er Akureyri og nágrenni.

Hesthúsahverfi félagsins eru í dag tvö talsins, Breiðholt sunnan Glerár og Hlíðarholt norðan Glerár.

Nefnt er í bréfi félagsins að engin inniaðstaða er á félagssvæði Léttis og standi það hestamennskunni á svæðinu fyrir þrifum, hvort sem um sé að ræða æskulýðsstarfsemi, móta- og sýningahald, tamingar eða námskeiðahald o.s.frv. Samkvæmt deiliskipulagi Akureyrarbæjar hefur reiðhöll verið fundinn staður á félagssvæði Léttis að Hlíðarholti.

Á félagssvæði Léttis eru keppnisvellir við Hlíðarholt. Um er að ræða 250-300 m hringvöll og 300 m beina braut til kappreiða. Á Melgerðismelum á Léttir, ásamt hestamannafélaginu Funa, kappreiðabraut, 400 m langa, tvo 250 m hringvelli, tvo 300 m hringvelli og 350 m kynbótabraut.

Reiðleiðir á svæðinu hafa verið mikið uppbyggðar á undanförunum árum á og við Akureyri. Stór verkefni hafa verið við lagningu reiðleiða út Eyjafjörð og inn í Hörgárdal að Bægisá og inn fjörð að Melgerðismelum. Einnig á félagið reiðleiðina um Bíldsárskarð upp á Vaðlaheiði

Ekkert félagshesthús er á svæðinu. Á Melgerðismelum á Léttir ásamt Funa stóðhestahús sem rúmar 26 hesta. Það hús er leigt út til lengri og skemmri tíma. Bendir félagið á að bagalegt sé að hafa ekki félagshesthús á svæðinu þar sem mikil eftirspurn sé eftir slíkri þjónustu.

Aðstaða til ferðamennsku tengdri hestamennsku á svæðinu felst aðallega í reiðleiðum, áningarhólfum og aðstöðunni að Melgerðismelum. Einkaaðilar reka nokkrar hestaleigur á sumrin.

Barna- og unglíngastarf er þó nokkuð hjá félaginu. Á sumrin er rekinn reiðskóli í tengslum við Íþróttá- og tómstundaráð Akureyrar og sóttu 200 börn skólann sumarið 2004. Sökum aðstöðuleysis hefur reynst illmögulegt að halda uppi skipulagðri reiðkennslu á allt árið. Er þar um að kenna skorti á félagshesthúsi og reiðhöll.

Tillögur: *Nefnt er að á svæðinu sé rekin hestastarfsemi fyrir fatlaða einstaklinga sem því miður hefur verið á almennum reiðleiðum og opnum svæðum, en ætti mun betur heima í sérstakri inniaðstöðu sem vanti sárlega. Hvað varðar ferðamennsku þá er vakin athygli á því að nokkur undanfarin ár hafi varið haldnar sýningar fyrir gesti erlendra farþegaskipa sem hafa viðkomu í Akureyrarhöfn og hafi sýningarnar laðað að sér mikinn fjölda áhorfenda, innlendra sem erlendra. Fullyrt er að ef sú aðstaða sem reiðhöll gæti boðið uppá væri til staðar mætti stórauka þessa þjónustu og bæta.*

Félagið hefur nýverið lagt reiðleið um Bíldsárskarð og með því komið reiðleiðinni milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu í viðunandi horf. Einnig er Léttir kominn langt með undirbúning og vinnu við reiðleið að Bægisá í Hörgárbyggð. Er það von félagsins að í framhaldi af þessum framkvæmdum komist á reiðleið milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og er það tillaga þeirra að slíkri tengingu verði komið á sem fyrst.

Stjórn Léttis leggur til að reiðhöll á Akureyri verði gerð að forgangsverkefni í uppbyggingu reiðhalla þar sem svæðið er stærsta samfélag hestamanna án reiðhallar á

landinu öllu. Er bygging reiðhalla Léttismönnum mikið baráttumál því tilkoma hennar muni gera eyfirska hestamenn samkeppnisfæra við það sem best gerist á landinu.

2.5.5. Funi, Eyjafirði

Félagssvæði Funa er Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

Reiðhallir fyrirfinnast ekki á svæðinu frá Skagafirði að Suðausturlandi vestanverðu, en bændur á þessum svæðum sem stunda hrossarækt og hestamennsku hafa allmargir breytt hlöðum í reiðskemmur þar sem hægt hefur verið að fá viðunandi inniaðstöðu til tamningar og þjálfunar hrossa. Hestamannafélagið Léttir og Akureyrarbær eru að vinna að því að reisa reiðhöll á Akureyri og er það brýnt verkefni.

Melgerðismelar eru athafnasvæði Hestamannafélagsins Funa. Melgerðismelar eru eitt af fjórum svæðum sem uppfylla skilyrði til landsmótshalds. Þar eru keppnisvellir með því besta sem gerist og einstakt útivistarsvæði með trjágróðurskjólbeltum.

Félagshheimili Funa, Funaborg, er á Melgerðismelum. Þar eru haldnir félagsfundir og ýmsar skemmtanir á vegum félagsins.

Hesthús er á Melgerðismelum sem rúmar 36 hross en það er sameign Funa og Léttis. Það er nýtt í tengslum við mót og hefur verið leigt hópum sem áð hafa á Melunum. Einnig hafa verið reknar þar tamningastöðvar. En mest eru þau nýtt við mót og aðrar uppákomur.

Á svæðinu eru aðilar sem hafa tengsl við ferðaþjónustu tengda hestamennsku, t.d. eru hestasýningar vegna komu skemmtiferðaskipa, einnig eru undirverktakar með hestaferðir yfir Sprengisand. Með tilkomu reiðvegjar milli Akureyrar og Melgerðismela opnast ómældir möguleikar í ferðaþjónustu til allra átta, um Eyjafjörð sunnanverðan og stórbættri reiðleið um Bíldsárskarð ofan í Fnjóskadal og síðan um hinar rómuðu þingeysku heiðar með sinni fjölbreytni.

Funi hefur haldið reiðnámskeið fyrir börn og unglinga ár hvert og hefur fengið til þess stuðning sveitarfélagsins.

Mestu máli skiptir fyrir Funa og Létti að upp komi reiðskemma á Melunum sem auðveldar allt starf, hvort sem um er að ræða sýningu eða dóma á hrossum sem og ferðaþjónustu, kennslu o.fl..

Tillögur: *Lýst er vonbrigðum með að stjórn L.H. skyldi fela Landsmóti ehf. að leita til Vindheimamela sf. um að landsmótið 2006 yrði haldið þar en ekki á Melgerðismelum.*

Unnið er að því að hrossaræktarsamband Eyfirðinga og Þingeyinga komi sem eignaraðilar að Melgerðismelum og að þar verði miðstöð kynbótasýninga fyrir félögin austan Tröllaskaga og þá er reiðskemma grundvöllur þess að svo megi verða.

Þá er sagt nauðsynlegt að reiðhöll rísi á Akureyri til hagsbóta fyrir hestamennsku á öllu Norðausturland., Gildi þess að reiðhöll rísi er ótvírætt mikið fyrir framfarir í hestamennsku. Á félagssvæðum í fámennari byggðarlögum fæli það í sér mikla framför ef reistar væru ca. 300 m² óeinangraðar skemmur.

Einnig er vakin athygli á því að frekar þurfi að tengja byggðarlög með reiðvegum og að auka uppbyggingu reiðvega innan hesthúsahverfa og utan þeirra.

2.5.6. Þráinn, Grenivík

Félagssvæði Þráins er Grýtubakkahreppur.

Engin svör bárust frá Hestamannafélaginu Þráni við fyrirspurnum nefndarinnar.

2.5.7. Þjálf, Húsavík

Félagssvæði Þjálf er Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Aðaldalur og Tjörnes.

Engar reiðskemmur eru á svæði félagsins. Stjórn Þjálf telur að besta lausnin væri fjölnota íþróttahús að Laugum í Reykjadal, en Laugar eru miðsvæðis á félagssvæði Þjálf. Húsið væri þá rekið í samstarfi við Framhaldsskólann á Laugum og þau sveitarfélög sem félagið nær yfir.

Allgóður keppnisvöllur er á svæðinu sem þó fer að þarfnast viðhalds. Völlurinn er stórt plan sem rúmar 200 og 300 m keppnisvöll og 400 m skeiðbraut. Ýmsu er ábótavant í ytri umgjörð vallarins, t.d. vantar veitinga- og snyrtiaðstöðu, sæti í áhorfendabrekku, upphitunarsvæði, gerði og geymslu fyrir hross.

Verið er að vinna að gerð og endurbótum reiðvega en skipulag sveitarfélaga vantar.

Félagsaðstaða er engin og félagshesthús er ekki til en vantar sárlega.

Aðstaða til ferðaþjónustutengdrar hestamennsku er lítil. Þó eru þrjár hestaleigur á svæðinu. Stuðningur væri æskilegur við uppbyggingu á þessum þáttum.

Námskeið eru haldin fyrir börn og unglinga á sumrin. Vegna aðstöðuleysis er vart hægt að halda þau á öðrum árstímum. Stefnt er að því að taka upp æskulýðsstarf í samstarfi við skóla á svæðinu skv. knapamerkjakerfi.

Tillögur: *Lögð er áhersla á byggingu fjölnota íþróttahúss fyrir hestamennsku að Laugum. Einnig vantar félagshesthús á svæðinu. Auka þarf stuðning við hestatengda ferðamennsku með uppbyggingu á aðstöðu. Einnig vantar heildarskipulag um allt er varðar hestamennsku á svæðinu.*

2.5.8. Grani, Húsavík

Félagssvæði Grana er Húsavík

Engin reiðskemma er á félagssvæðinu eða í nágrenninu. En til stendur að reisa hana, helst innan tveggja ára.

Aðeins einn ófullnægjandi hringvöllur á félagssvæði Grana. Samstarf hefur verið haft við Þjálf um mótahald á Einarstöðum og einnig hafa verið haldin minni mót á Húsavík við ófullnægjandi aðstæður.

Reiðvegir eru á svæðinu lagðir eftir skipulagi sveitarfélagsins en eru ekki nægjanlega upplýstir.

Félagið er með lítið félagsheimili sem nýtist við minniháttar fundahöld, en ekkert félagshesthús er á svæðinu.

Tvö fyrirtæki reka hestaleigu og reiðskóla á svæði félagsins.

Félagið hefur staðið fyrir reiðnámskeiðum fyrir börn og unglinga í nokkur ár.

Á félagssvæðinu er eitt opið tamningagerði og eitt hringgerði.

Tillögur: *Lögð er áhersla á byggingu reiðskemmu á Húsavík og lýsingu reiðleiða og -stíga.*

2.5.9. Feykir, Kópaskeri

Félagssvæðið er Norður-Þingeyjarsýsla vestan Öxarfjarðarheiðar.

Engin reiðskemma á svæðinu. Góður keppnisvöllur er í Ásbyrgi. Félagstaða er engin. Ekkert félagshesthús er heldur á svæðinu. Hringtamingagerði er á Bjarnastöðum og Hjarðarási.

Hestaleiga ásamt ferðaþjónustu er rekin á Hóli í Kelduhverfi.

Reiðnámskeið hafa verið haldin fyrir börn og unglinga í nokkur ár.

Tillögur: *Brýnasta verkefni félagsins er að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn á hestum sem í auknum mæli sækja inn á svæðið. Mikill áhugi er fyrir því að reiðskemma verði reist á félagssvæði Grana á Húsavík.*

2.5.10. Snæfaxi, Þórshöfn

Félagssvæði Snæfaxes er Norður-Þingeyjarsýsla, austan Öxarfjarðarheiðar.

Hestamannafélagið Snæfaxi hefur aðgang að 7 x 20 m reiðskemmu í einkaeign, til afnota við tamingar. Keppnisvöllur er 300 m hringvöllur með 150 m braut.

Aðstaða til mótahalds er á Lönguhlíðarmelum í Þistilfirði og er hún í þokkalegu ásigkomulagi, þar er dómþallur og aðstaða fyrir hross, tjaldstæði, beitarhólf, tókugerði og snyrting.

Merktar reiðleiðir eru í nágrenni hesthúsahverfis á Þórshöfn. Þar er unnið að endurbótum, svo og á gömlum reiðleiðum á félagssvæðinu og yfir Öxarfjarðarheiði, í samstarfi við Feyki.

Auk keppnisvallarins og aðstöðu við hann sem að ofan greinir, á félagið hestakerru sem leigð er út. Einnig á félagið myndbandaspólusafn og kennslugögn um tamingar.

Rekið var félagshesthús til margra ára á Þórshöfn sem hefur nú verið selt hestamönnum á staðnum.

Ferðaþjónustutengd hestamennska er til staðar á félagssvæðinu á þeim bæjum þar sem rekin er ferðaþjónusta.

Barna- og unglingastarf hefur einkum falist í reiðnámskeiðum og kennslu, svo og flutningi keppnishesta á mót. Stjórn félagsins hefur annast starfið nema þegar æskulýðsfulltrúi hefur verið að störfum.

Á nokkrum stöðum innan félagssvæðisins er aðstaða til að á og taka hross, ýmist í einkaeign eða á vegum félagsins.

Tillögur: *Í framtíðinni sér félagið vaxtarmöguleika í bættum samgöngum, einkum yfir Öxarfjarðarheiði og fyrir Tjörnes. Bættar samgöngur auðvelda að sækja mót og aðra þjónustu utan félagssvæðisins. Því leggur félagið áherslu á uppbyggingu reiðvega. Sömuleiðis er brýnt að halda áfram uppbyggingu mótssvæðis, vegna þess hve mótahald og reiðkennsla er ómissandi þáttur í starfi félagsins.*

2.6. Austurland

2.6.1. Glófaxi, Vopnafirði

Félagssvæði Glófaxes er Vopnafjörður.

Erindi barst ekki frá félaginu. Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir um hestamannafélagið Glófaxes.

2.6.2. Freyfaxi, Egilsstöðum

Félagssvæði Freyfaxes er Fljótsdalshérað, Borgarfjörður, Reyðarfjörður og Eskifjörður.

Engar sérstakar reiðskemmur eru á svæðinu.

Einn keppnisvöllur er á svæðinu, á félagssvæði Freyfaxes á Stekkhólma, á Völlum. Völlurinn er 250 m og 300 m, svokallaður Þ-völlur og er hann eini löglegi völlurinn fyrir stórmót á Austurlandi, austan Hornafjarðar. Völlurinn er nú í ófullnægjandi ástandi en stefnt er að því að bæta hann. Fyrirhugað er að gera minni völl, 250 m íþróttavöll með 150 m skeiðbraut (P-völl), á nýju fyrirhuguðu hesthúsasvæði að Fossgerði í Eiðapínghá. Hesteigendafélagið Fossgerði og Austur-Hérað hafa gert með sér samning m.a. um framkvæmd þessa.

Reiðleið er frá Egilsstöðum inn að Hallormsstað sem er í slæmu ásigkomulagi. Reiðleið er frá Miðhúsavegamótum í Eiðapínghá um Egilsstaði upp að svokölluðu Seli, rétt ofan við Egilsstaðabæ. Engar tengingar eru við þessar reiðleiðir en gert er ráð fyrir þeim á skipulagi. eru þetta einu reiðleiðirnar sem lagðar hafa verið sérstaklega á svæðinu.

Félagstaða er að Stekkhólma á Völlum. Á svæðinu eru keppnisvellir sem nýlega hafa verið endurbættir, tuttugu og tveggja hesta félagshús, dómhús og salernisstaða. Fasteignir á svæðinu þarfnast verulegra endurbóta. Freyfaxi á fyrrnefnt 22 hesta félagshús að Stekkhólma og einnig tuttugu og tveggja hesta hús á Gæðingabökkum á Egilsstöðum. Áformað er að rífa hesthúsin á Truntubökkum (Gæðingabökkum) árið 2004 og taka svæðið undir íbúðarhúsabyggð. Nýtt svæði að Fossgerði í Eiðapínghá á að leysa gamla svæðið af hólmi.

Íshestar eru með aðstöðu að Skriðu í Fljótsdal, forsvarsmaður er Jón Þorvarðarson. Eldhestar eru með aðstöðu í Bakkagerði í Hlíð, forsvarsmaður þeirra er Ragnar Magnússon. Gæðingatours eru með starfsemi sína á Útnyrðingastöðum á Völlum og þar er forsvarsmaður Stefán Sveinsson. Á sumrin eru einnig starfræktar hestaleigur á Hallormsstað, Skipalæk, Eiðum og Húsey.

Félagshésthús á Truntubökkum er fyrst og fremst ætlað börnum og unglingum. Æskulýðsnefnd heldur utan um barna- og unglingastarf og stuðlar að því að reiðnámskeið séu haldin, farið sé saman í reiðtúra og stuttar ferðir, æskulýðsdagar haldnir ár hvert og ýmis konar aðrar samverustundir og uppákomur. Félagið styrkir þá krakka sem vilja taka þótt í keppni. Áhugi og ásókn í reiðnámskeið er sögð mikil, einkum þegar krökkum hafa verið boðnir lánshestar, það gerir þeim sem ekki eru svo lánsamir að geta haldið hesta sjálfir mögulegt að taka þátt.

Fyrirhugað er að byggja upp nýja hesthúsabyggð að Fossgerði í Eiðapínghá. Hesteigendafélagið Fossgerði hefur keypt gömul kjúklingahús á jörðinni en Austur-Hérað keypti landið sem er um 100 ha. Þessir tveir aðilar hafa gert með sér samning um uppbyggingu svæðisins. Reiðhöll verður komin á deiliskipulag á Fossgerðissvæðinu árið 2004, en engin áform eru um hvenær eða hvernig hún verður fjármögnuð. Áformað er að sveitarfélagið leggi fram styrk ætlaðan æskulýðsstarfinu og að sá styrkur fari að hluta í að

leigja 20 pláss fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu í fyrirhuguðu hesthúsi Hesteigendafélagsins að Fossgerði.

Ekkert skipulagt hesthúsasvæði er á Borgarfirði eða Seyðisfirði. Í Fjarðarbyggð er skipulag hesthúsaahverfi á Reyðarfirði. Þó er allnokkur hestamennska stunduð á þessum svæðum við misjafnar aðstæður.

Tillögur: *Á Austurlandi hefur ræktun góðra hrossa verið í hávegum höfð, enda stendur hún á gömlum og góðum merg. Hlutfallslega er óhætt að fullyrða að gæði stofnsins þar séu mikil og jafnvel meiri en víðast hvar á landinu. En vegna aðstöðuleysis hefur skort á að eðlileg framþróun í hestamennsku hafi orðið á svæðinu. Minnir stjórnin á hve mikla þýðingu hestamennska getur haft við forvarnir í æskulýðsstarfinu.*

Stjórn Hestamannafélagsins Freyfaxa telur að hentugast sé að koma reiðhöll upp á fyrirhuguðu hesthúsasvæði í Fossgerði, eðlilegast er að reiðhöll risi í nánasta umhverfi við hesthúsabyggð. Mjög brýnt er að koma gömlum reiðleiðum sem nýjum á skipulag. Víða er pottur brotinn í þeim efnum. Lagning reiðvega á milli landshluta er mikilvæg en einnig er mikilvægt fyrir svæði eins og Austurland að fá lagðar skipulagðar reiðleiðir innan fjórðungsins, þar sem þær eru af mjög skornum skammti, eins og fram hefur komið.

Lýst er yfir ánægju með að skipuð hafi verið nefnd til að skoða þessi mál í heild sinni og vonast til að góður árangur eigi eftir að sjást af störfum hennar í framtíðinni.

2.6.3. Blær, Neskaupstað

Félagssvæði er Norðfjörður og Eskifjörður.

Engin reiðskemmu er á svæðinu þar sem félagið er ekki fjárhagslega í stakk búíð til þess að reisa hana.

Hestamannafélagið Blær hefur hafið uppbyggingu á svæðinu með því að hefjast handa við byggingu keppnisvallar og verður sú framkvæmd styrkt af sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Uppfyllir það þarfir þess hóps sem leggja vill stund á keppnisþróttir á hestum, en sá hópur fer ört vaxandi.

Félagið hefur unnið að því að leggja reiðvegi síðastliðin fjögur ár frá Vindheimum, hesthúsum félagsmanna, inn á félagssvæði Blæs, Kirkjubólseyrar. Hefur sú framkvæmd verið fjármögnuð úr reiðvegasjóði L.H. og af hestamannafélaginu Blæ. Verkefnið er aðkallandi þar sem bílaumferð hefur aukist mjög síðustu ár á þjóðvegum.

Félagshemili Blæs á Kirkjubólseyrum er nýlegt 50 m² hús.

Nokkrir félagsmenn reistu á árunum '77-'78 skemmu og er hún á snjóflóðahættusvæði. Ekkert deiliskipulag er fyrir hesthúsaahverfið.

Aðstaða til ferðaþjónustu tengdri hestamennsku er engin, þar vantar fjármagn.

Fyrirkomulag barna- og unglingastarfs er þannig að Blær heldur á hverju sumri æskulýðsdaga og leggur þá til húsnæði og fæði fyrir þátttakendur og leiðbeinanda sem er utanaðkomandi. Leggja þátttakendur til hest og hnakk. Erfitt er fyrir þá sem hafa hug á að stunda hestamennsku að komast í aðstöðu því hún er fullnýtt í dag. Ánægja er með framtakið en ítrekað að fjármagn skorti.

Tillögur: *Vinna þarf að lagningu reiðvega. Bent er sérstaklega á reiðveg inn Norðfjarðarsveit. Almenn þarf að auka stuðning við hestamennsku af hálfu hins opinbera.*

2.6.4. Goði, Fáskrúðsfirði

Félagssvæði Goða er Fáskrúðsfjörður.

Félagssvæði félagsins er að Tungueyrum. Hestamannafélagið Goði er með keppnisvöll í samstarfi við Geisla í Breiðdal í landi Gilsár, Gilsárvöll.

Reiðleiðir eru engar á skipulagi og væri æskilegt að breyting yrði þar á.

Vegna þess hvernig félagið er í sveit sett er yfir háa fjallvegi að fara, t.d. Reindalsheiði suður í Breiðdal og Stuðlaheiði yfir í Reyðarfjörð, en riðið er yfir þessa fjallgarða á sumrin af ferðaglöðum mönnum.

Félagstaða er engin, þ.e. engin reiðskemmu, en aðstaða er fyrir félagsmenn í húsi Afls, Starfgreinafélags Austurlands.

Félagshesthús eru engin.

Aðstaða til hestamennsku tengdri ferðaþjónustu er engin.

Fá börn stunda hestamennsku á svæðinu og þá í fylgd með foreldrum sínum.

Tillögur: *Á óskalista félagsins er að fá reiðhöll á svæðið og þá á Reyðarfjörð. Bryn þörf að fá reiðveg meðfram nýja veginum að Fáskrúðsfjarðargöngum. Reiðleiðir vantar á skipulag sveitarfélagsins.*

2.6.5. Geisli Breiðdalsvík

Félagssvæði Geisla er Breiðdalur, Stöðvarfjörður og Berufjörður.

Engin reiðskemmu er á svæðinu.

Keppnisvöllur er hringvöllur (tveir misstórir hringir), bein braut er 250 m. Hafist var handa við gerð vallarins 1995 og er hann enn í uppbyggingu. Framkvæmdir við völinn er fjármagnaður með fjáröflun félagsins, firmakeppnum, sjálfbodavinnu o.fl.

Eftir úthlutun úr reiðvegaskjóði Landssambands hestamanna 2003, hófst gerð reiðvega. Í nýju skipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir reiðvegum og er það af hinu góða.

Félagshús er í smíðum og hefur það verið fjármagnað með sjálfbodavinnu, firmakeppnum, gjöfum og annarri fjáröflun félagsins. Framkvæmdir miðast við fjárhagslega getu félagsins. Ekkert félagshesthús er á svæðinu.

Vísir að hestaleigu er á svæðinu u.þ.b. tvo mánuði á ári. Miklir möguleikar eru fyrir ferðaþjónustutengda hestamennsku. Má þar nefna frábærar reiðleiðir og mikla náttúrufegurð.

Lítið sem ekkert barna- og unglíngastarf hefur verið á svæðinu á vegum félagsins, enda ekki mörg börn og unglíngar á svæðinu og hefur allt fjármagn farið í að byggja upp félagssvæðið.

Tillögur: *Engar sérstakar tillögur voru settar fram.*

2.6.6. Hornfirðingur, Höfn

Félagssvæði er Austur-Skaftafellssýsla.

Reiðskemmur eru engar á svæðinu en fyrirhugað er að reisa reiðskemmu, grindin er til og fer stærð hússins eftir því hvernig gengur með fjármögnun.

Keppnisvöllur er hefðbundinn þ-völlur með 800 m beinni grasbraut samhliða, með góðu efni, viðhaldslítill.

Reiðleiðir eru meðfram þjóðvegi frá Höfn að félagssvæði og frá Lónaafleggjara að Almanskardí. Veginir eru ófullgerðir og þarfnast viðhalds en illa gengur að fjármagna lagningu og viðhald. Aðrar reiðleiðir eru náttúrulegar.

Mjög gott stórt félagsheimili er til, nánast fullbúið.

Félagshesthús er lítið og óvistlegt, fyrir 2-4 hesta. Það er nú notað í barna- og unglingastarfi, en áætlað er að selja það þegar ráðist verður í byggingu reiðhallar.

Hestaleigur eru 2-3 á svæðinu og hafa þær næg verkefni. Markaður er fyrir fleiri og fjölbreyttari ferðir að mati félagsins og eru þar ónýtt tækifæri. Rætt hefur verið að nýta aðstöðu og reiðhöll, rísi hún á félagssvæðinu, sem afþreyingu fyrir ferðamenn.

Barna- og unglingastarf felst aðallega í námskeiðahaldi á vorin, en breytinga er að vænta með tilkomu reiðhallar (heilsárs reiðskóli). Kennsla í knapastigakerfinu er hafin í FAS og verður reynt að koma því fagi inn á fleiri skólastig sem valgrein og sníða e.t.v. námskeið að því.

Tillögur: *Bæta þarf og leggja fleiri reiðleiðir í samstarfi við vegagerðina. Brýnt er einnig að við gerð mannvirkja (brúa) sé strax gert ráð fyrir umferð hesta. Rýmka þarf aðgengi í grennd við brýr til að minnka hættu á slysum.*

Lagt er til að stofnuð verði nefnd fyrir hvert starfssvæði Vegagerðarinnar sem hafi það hlutverk að fara yfir öll verkefni áður en í þau er ráðist og sem skipuleggi líka úrbætur þar sem þörf er á. Slik nefnd gæti e.t.v. verið skipuð fulltrúa hestamanna, sveitarfélags, Vegagerðar og e.t.v. Ferðaþjónustu bænda.

Byggja þarf reiðskemmu og í tengslum við það að stofna reiðhallarsjóð sem láni 1-20 milljónir til a.m.k. 10 ára á lágum vöxtum ef félagasamtök byggja reiðskemmur.

Lagt er til að ákvörðun verði tekin um að styrkja nám í hestamennsku sem valgrein, skv. knapamerkjakerfi L.A., á grunn- og framhaldsskólastiginu, t.d. með því að greiða laun kennara og e.t.v. koma upp sérstökum "reiðskólasjóði". Styrkja þarf heilsársreiðskóla sem rekinn væri af félagasamtökum, slíkt er talið efla alla hestamennsku í landinu, fjölga kaupendum o.s.frv.

2.7. Suðurland

2.7.1. Kópur, Kirkjubæjarklaustri

Félagssvæði Kóps er frá Mýrdalssandi að Lómagnúpi.

Inniaðstaða til að temja hesta er að Syðri Fljótum, 9,60 x 15 m.

Sæmilegur hringvöllur er að Sólvöllum í Landbroti, sem ekki uppfyllir þó nútímakröfur. Þar eru haldin félagsmót.

Ein reiðleið var gerð árið 2003 meðfram veginum frá Landbrotsafleggjara niður að Efri-Vík, vegna stuðnings LH. Reiðleiðir eru á skipulagi Skaftárhrepps meðfram þjóðvegi 1, yfirleitt gerðar af náttúrunnar hendi. Aðeins hefur verið borið ofan í meðfram veginum í Eldhrauninu.

Félagsaðstaða er á Sólvöllum, þar er hringvöllur og gerði, 20 x 40 m sem notað er til reiðkennslu.

Félagsaðstaða er engin, hvorki hesthús né félagsheimili.

Engin aðstaða er tengd ferðaþjónustu, en ferðaþjónustubóndi er með hugmyndir um reiðhöll við Kirkjubæjarklaustur og óskar eftir þátttöku hestamannafélagsins við þá framkvæmd, en félagið hefur ekki talið það samstarf mögulegt vegna skorts á fjármagni. Sveitarfélagið er sagt ekki hafa bolmagn til þess að leggja fé í þær framkvæmdir vegna þess að verið er að ljúka við byggingu íþróttahúss.

Haldin eru reiðnámskeið á vorin, firmakeppni barna og unglunga er oft haldin í tengslum við námskeiðið. Haldnir hafa verið fræðsludagar fyrir börn og unglunga.

Engin önnur aðstaða en að framan getur er á félagssvæðinu.

Tillögur: *Æskilegast væri að fá reiðhöll og keppnisvöll við Kirkjubæjarklaustur eins og hugmyndir umrædds ferðaþjónustubónnda gera ráð fyrir. Bent er á að miklar vegalengdir eru fyrir hestamenn að fara með hesta á úrtöku fyrir landsmót eða til að sýna þá í kynbótadómi (um 170 km). Þetta gerir það að verkum að enginn sér sér fært til að styðja barn sitt til þátttöku í keppnisíþróttum.*

Félagið telur að ef hestamennska á Klaustri og nágrenni eigi að dafna þurfi utanaðkomandi stuðningur að koma til.

2.7.2 Sindri, Vík í Mýrdal

Félagssvæði Sindra er Mýrdalur, Eyjafjöll og Álftaver.

Reiðskemma er í einkaeign á bænum Skálakoti í Rangárþingi eystra. Skemman er úr límtré, 20 x 30 m að stærð.

Keppnisvöllur Hestamannafélagsins Sindra er Péturseyjarvöllur og er það eini völlurinn á félagssvæðinu.

Lítið er um sérstaka reiðvegi en gerð reiðvega er á döfinni hjá félaginu og áformað að byrja lagningu vegar við Litla-Hvamm og leggja í átt að Deildará eftir því sem fjármagn leyfir. Í aðalskipulagi sem unnið er að fyrir Mýrdalshrepp er ekki gert ráð fyrir reiðleiðum.

Félagsaðstaða er einungis á vallarsvæðinu en hana er eingöngu hægt að nota á sumrin, því hvorki er þar rafmagn né hiti og engin hreinlætisaðstaða. Eini húsakosturinn er lítið hús sem keypt var fyrir tveimur árum.

Ekkert félagshesthús er á svæðinu.

Aðstaða er til ferðaþjónustutengdrar hestamennsku að Skálakoti. Þar eru t.d. beitarhólf í eigu/umsjón ábúenda. Unnið er að gerð beitarhólfs í tengslum við ferðaþjónustu inni á afrétti, við Þakgil, en þar er tjaldstæði og önnur þjónusta við ferðamenn í einkaeign.

Fyrirkomulag barna- og æskulýðsstarfs á vegum félagsins er þannig, að skipuð er æskulýðsnefnd á hverjum aðalfundi sem hefur umsjón með starfinu. Jafnframt er starfræktur reiðskóli á vegum nefndarinnar á vorin ásamt öðru starfi eingöngu ætlað börnum og unglungum.

Tillögur: *Uppbygging á Rangárbökkum er sögð mjög þýðingarmikil fyrir félagið þar sem staðsetning hennar miðsvæðis á Suðurlandi er mjög góð fyrir Landsmót hestamanna.*

2.7.3. Geysir, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra

Félagssvæðið er Rangárþing ytra og Rangárþing eystra.

Nokkrar reiðskemmur eru á svæðinu, flestar í einkaeign. Þær eru allt frá því að vera yfirbyggðir keppnisvellir, til þess að vera aflagðar hlöður sem breytt hefur verið til þessara nota.

Gaddastaðaflatir eru á félagssvæðinu en þar eru með bestu aðstæðum á landinu fyrir hvers konar mótahald tengt hestamennsku o.fl., m.a. stór hringvöllur og nokkir minni vellir. Hesthús, veitingahús og frábærar áhorfendabrekkur eru á svæðinu. Þá eru nokkrir keppnisvellir vítt og breitt um héraðið, flestir í eigu einstaklinga.

Nokkuð hefur verið unnið í lagningu reiðvega, en þar þarf að bæta um betur. Aðalskipulag fyrir hluta af svæðinu er í vinnslu og verður séð til þess að þar verði gert ráð fyrir reiðleiðum.

Flest hross á einu svæði á landinu eru í Rangárvallasýslu. Auk þess hafa margir búsettir á Faxaflóasvæðinu sumaraðstöðu fyrir hross sín á þessu svæði. Af þessu leiðir að umferð ríðandi fólks er mikil um héraðið sem aftur kallar á góða reiðvegi og reiðleiðir.

Félagið hefur aldrei átt félagshesthús, félagssvæðið er stórt og aldrei verið áhugi fyrir félagshesthúsum hjá hinum almenna félagsmanni.

Aðstaða fyrir ferðabjónustutengda hestamennsku er ágæt, nema reiðvegum er ábótavant. Hestaferðir standa til boða, sömuleiðis áningahólf og félagsheimili með svefnpokaplássi sem vinsæl eru hjá ferðamönnum. Á hálendinu eru ágæt leitarmannahús sem nýtast vel fyrir ferðabjónustuna. Á svæðinu eru vinsælar reiðleiðir svo sem í Þórsmörk, á Fjallabaksleiðum og Sprengisandsleið.

Eins og kemur fram í starfsskýrslu æskulýðsnefndar Geysis frá 31.október 2003, hefur verið gert mikið átak í þessum málum, námskeið verið haldin og ýmsar upptakomur þeim tengdar og einnig farið í styttri útreiðatúra.

Tillögur: *Uppbygging reiðvega er nauðsynleg og brýn vegna ferðamennsku. Einnig þarf að bæta úr þörf fyrir styttri reiðgötur við hesthúsabyggðir í þéttbýli.*

2.7.4. Smári, Hreppum, Árnessýslu

Félagssvæði er Hreppar og Skeið.

Svör við fyrirspurn nefndarinnar bárust ekki. Keppnisvellir félagsins eru á Murneyrum.

2.7.5. Sleipnir, Selfossi

Félagssvæði Sleipnis er Flóinn.

Svör við fyrirspurn nefndarinnar bárust ekki. Á félagssvæði Sleipnis á Selfossi eru nýir keppnisvellir og er stutt síðan Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið á svæðinu.

2.7.6. Logi, Biskupstungum

Félagssvæði Loga er Biskupstungur í Bláskógabyggð.

Svör við fyrirspurn nefndarinnar bárust ekki. Í Hrísholti eru keppnisvellir, hesthús, tamningagerði og beitarhólf

2.7.7. Trausti, Laugardal

Félagssvæðið er Grímsnes, Grafningur, Laugardalur og Þingvallasveit.

Á Laugardalsvöllum er náttúruleg kappreiðabraut. Á Laugardalsvöllum er einnig beitarhólf og gerði.

2.7.8. Ljúfur í Ölfusi

Félagssvæði er Hveragerði og dreifbýli Ölfuss.

Félagið er með aðstöðu sína í hesthúsahverfi í Hveragerði. Þar er keppnisvöllur sem ekki er fullgerður, vantar m.a. beina braut og betra yfirlag. Kostnaðaráætlun við að fullklára völlinn og gera hann að löglegum keppnisvelli hljóðar upp á rúmar 3 millj. kr., að sögn.

Félagsheimili í eigu Ljúfs er við völlinn, hefur það verið nýtt til fundarhalda og undir minni háttar samkomur hjá félaginu.

Í hesthúsahverfinu eru hesthús í einkaeign, félagið á ekki og hefur ekki yfir neinum hesthúsum að ráða.

Mikill uppgangur hefur verið á svæðinu undanfarin ár, atvinnuhestamennska er stunduð á mörgum bæjum, sömuleiðis er aukning meðal áhugamanna. Ber þar að nefna að á Ingólfshvoli er reiðhöll, völlur sem er 80x20 m og áhorfendasvæði fyrir u.þ.b. 500 manns, einnig veitingasalir, hesthús fyrir rúmlega 100 hross og hringvöllur. Þessa aðstöðu hefur félagið nýtt til æskulýðsstarfs þar sem haldin eru námskeið fyrir börn og unglinga og hafa sveitarfélögin stutt það starf. Einnig eru haldin mót á vegum Ljúfs í höllinni og hefur þessi aðstaða gjörbreytt vetrarstarfi félagsins hvað varðar námskeið og mótahald. Keppnisvellir eru einnig á fleiri bæjum.

Á Völlum reka Eldhestar mjög öfluga ferðaþjónustu með lengri og skemmri hestaferðir auk gisti- og veitingaaðstöðu.

Mikil vinna hefur verið hjá félaginu við skipulagningu reiðvega á svæðinu í samvinnu við Sveitarfélagið Ölfus, sem vinnur við nýtt aðalskipulag og er búið að kortleggja allar helstu reiðleiðir á svæðinu. Er nú unnið að fjármögnun á verkefningu í samvinnu við sveitarfélagið, Vegagerðina og Landssamband hestamannafélaga. Þetta er kostnaðarsamt en brýnt verkefni og er allur stuðningur mjög mikilvægur við það, sem einnig mun nýtast hestamönnum af höfuðborgarsvæðinu sem leið eiga austur í sveitir. (Rétt er að vekja athygli á því mikla starfi sem unnið hefur verið af hálfu Hestamannafélagsins Ljúfs í því að færa reiðvegi frá akvegum, kortleggja og skipuleggja gamlar reiðleiðir og gera þær aftur aðgengilegar reiðmönnum. Sú vinna sem þar hefur verið unnin gæti nýst sem fyrirmynd fyrir önnur hestamannafélög á landinu. *Innsk. nefndar.*)

Tillögur: *Fyrst og fremst bættir reiðvegir. Stuðningur við reiðvegagerð á svæðinu verði í samræmi við nýtt skipulag sveitarfélagsins. Flytja þarf sem mest af reiðleiðum frá þjóðvegnum, vegna þess hve mikil bílaumverð er á félagssvæði Ljúfs.*

2.7.9. Háfeti, Þorlákshöfn

Félagssvæði er Þorlákshöfn og nágrenni.

Svör bárust ekki við fyrirspurn nefndarinnar. Keppnisvöllur og skipulögð hesthúsabyggð er utan við þéttbýlið í Þorlákshöfn. Ný og glæsileg reiðskemman er einnig á félagssvæðinu.

2.8. Reykjanes

2.8.1. Máni, Keflavík

Félagssvæði Mána er Grindavíkurbær, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

Reiðskemman er á svæðinu og var hún byggð af einkaaðila, en er nú í eigu Sparisjóðs Keflavíkur sem leigir Mána aðstöðuna. Reiðskemman er áföst 24 hesta húsi og er salurinn sjálfur um 600 m², að auki eru salerni og stór kaffiaðstaða sem Máni hefur einnig til umráða. Sparisjóðurinn er að reyna að selja mannvirkið allt þannig að óvíst er um stöðu mála hvað félagið varðar. Hugmynd félagsins er að byggja nýja reiðskemmu og félagsaðstöðu við keppnisvöll félagsins og er það framtíðarverkefni.

Árið 2001 var gerður glæsilegur keppnisvöllur og nú er verið að gera kappreiðarbraut og koma fyrir dómhúsi við keppnisvöllinn, þannig að vorið 2004 verður öll keppnisaðstaða eins og best verður á kosið, þökk sé stuðningi Reykjanesbæjar.

Mikið átak hefur verið gert í reiðvegamállum og er m.a. upplýst reiðleið til Keflavíkur og Njarðvíkur, um 5 km, einnig er verið að gera nýja reiðleið út í Garð 7 km. Árið 2002 var gerður 4 km hringur umhverfis félagssvæðið. Næst liggur fyrir að tengja reiðleiðina frá Fitjum í Voga, en við mikla uppbyggingu á Fitjum eyðilagðist smá kafli á reiðveginum. Rætt hefur verið við Reykjanesbæ og verður bætt úr því.

Árið 1990 var byggt 300 m² félagsheimili sem Máni á 50% í á móti bridgefélögum á Suðurnesjum. Gengur sú samvinna vel og er félagsheimilið hið glæsilegasta.

Ekki er félagshesthús á svæðinu en eins og að framan getur er 24 hesta hús í eigu Sparisjóðs Keflavíkur sem hefur leigt út þá aðstöðu. Ekki er talin þörf á félagshesthúsi og hefur þróunin orðið sú að aðstaða í einkaeign hefur verið leigð út.

Aðstaða til ferðaþjónustu er ekki mikil eins og er, en þó rekur einstaklingur í Grindavík hestaleigu. Mikil uppbygging á sér stað á Fitjum, Reykjanesbæ, þar sem hugmyndin er að vera með hestaleigu og jafnvel sýningar, t.d. víkingabardaga o.fl. En víkingaskipið Íslendingur verður í bátalægi á Fitjum.

Barna- og unglíngastarf hjá Mána hefur verið mjög öflugt og hefur félagið fengið viðurkenningu LH fyrir æskulýðsstarf. Æskulýðsstarfinu er þannig háttað að nefnd á vegum Mána hefur yfirumsjón með og stjórnar starfinu. Nefndin er oftast skipuð foreldrum barna í félaginu. Fyrirkomulag þetta hefur gefist vel og teljum við ekki breytinga þörf hvað þetta varðar.

Tillögur: *Framtíðarverkefni er bygging nýrrar reiðskemmu og félagsaðstöðu við keppnisvöll félagsins. Bent er á að tengja þarf reiðleið frá Fitjum og út í Voga.*

Brýnt er að vinna að tengingu reiðleiða á milli sveitarfélaga og að reiðleiðir í dreifbýli verði ekki lagðar samhliða nýjum malbikuðum vegum.

2.8.2. Sörli, Hafnarfirði

Félagssvæði Sörli er Hafnarfjörður.

Í umsögn Sörli kemur fram að nær allir meðlimir félagsins nýti landið til sumar- og haustbeitar fyrir hross sín og til ferðalaga á hestum að sumri, bæði í svokallaða sleppitúra og lengri ferðir.

Tillögur: Bent er á að mjög mikilvæg sé að gamlar reiðleiðir séu opnar, tún séu afgirt meðfram þeim og reiðvegir séu við akvegi. Reiðvegir þurfa að vera byggðir ú góðri blöndu af jarðvegi og ekki má safnast í þá vatn. Einnig er bent á að beitarhólf séu nauðsynleg á helstu reiðleiðum, með drykkjarvatn og aðgengi að heyi ef hólf eru snauð. Til staðar þarf einnig að vera gistiaðstaða svo og aðgangur að dýralækni og hestakerru ef hross slasast alvarlega.

2.8.3. Andvari, Garðabæ

Félagssvæði Andvara er Garðabær.

Í Andvara er reiðskemma að Kjóavöllum, 1250 m² stálgrindarhús. Skeiðbraut er á Kjóavöllum og 300 m hringvöllur. Auk þessa er verið að undirbúa gerð 300 metra hringvallar.

Sérstaklega gerðar reiðleiðir í Garðabæ eru meðfram Elliðavatnsvegi (stofnleið) og tengir hún hesthúsabyggðir á höfuðborgarsvæðinu. Önnur reiðleið (stofnleið) er í Heiðmörk sem nær frá Kaldárselsvegi í suðri og allt til þingvalla. Innan lögsögu Garðabæjar liggur reiðleiðin um Smyrlabúðarhraun, Hjalladal og Hjalla að lögsögumörkum Reykjavíkur. Skipulögð reiðleið, ógerð, liggur um Vífilsstaðahlíð og er hún tenging á milli tveggja fyrrgreindra stofnleiða. Fjármagn vantar til þess að ráðast í reiðvegagerðina. Þá eru skipulagðar reiðleiðir innan afmarkaðs svæðis hesthúsabyggðar Andvara.

Félagshheimili er á svæðinu sem tekur um 90 manns í sæti.

Unglingastarf hjá félaginu er sagt öflugt. Skipulögð reiðkennsla og mót eru reglulega fyrir börn og unglinga. Topphestar reka reiðskóla á sumrin í tengslum við félagið.

Tillögur: Engar tillögur bárust frá Andvara, en óskir um farsæld í nefndarstarfinu voru þó vel þegnar.

2.8.4. Sóti, Álftanesi

Félagssvæði Sóta er Álftanes.

Svar barst ekki frá félaginu við fyrirspurn nefndarinnar. Lítil skipulögð hesthúsabyggð er á nesinu.

2.8.5. Gustur, Kópavogi

Félagssvæði Gusts er Kópavogur.

Á félagssvæði Gusts er stór skipulögð hesthúsabyggð. Mjög góð reiðhöll er á svæðinu auk keppnisvalla.

Tillögur: Félagið leggur áherslu á uppbyggingu reiðleiða og lýsingu þeirra nærri hesthúsabyggðum. Einnig er vakin athygli á því að ekki eigi að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum og byggja þurfi áningarhólf meðfram reiðleiðum. Hlið vanti einnig oft á fjölfarna vegi. Viðhalda þurfi vegum betur og gæta þess að gömlum reiðleiðum sé ekki lokað.

2.8.6. Fákur, Reykjavík

Félagssvæði Fáks er Reykjavík.

Ekki bárust svör frá félaginu við fyrirspurn nefndarinnar. Á Fákssvæðinu er stærsta hesthúsabyggðin á landinu. Stór reiðhöll er á svæðinu, auk þriggja keppnisvalla. Landsmót hestamanna 2000 var haldið á svæðinu.

2.8.7. Hörður, Mosfellsbæ

Félagssvæði Harðar er Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós.

Svar við fyrirspurn nefndarinnar barst ekki. Á Harðarbóli eru tveir keppnisvellir, stórt skipulagt hesthúsahverfi og lítill reiðskáli í einkaeigu. Ekki bárust tillögur frá félaginu.

3 Niðurstöður og tillögur nefndarinnar

3.1 Almennt

Í II. kafla þessarar skýrslu hefur verið gerð grein fyrir þeirri aðstöðu til ástundunar hestamennsku, í viðum skilningi þess orðs, sem finna má á landsbyggðinni. Upplýsingar um aðstöðuna eru fengnar frá hestamannafélögum sjálfum. Ekki barst svar frá öllum þeim hestamannafélögum sem erindi voru send til, en nefndin hefur þó reynt sjálf að afla sér upplýsinga um aðstöðu á viðkomandi svæðum. Einnig er ljóst að upplýsingar frá hestamannafélögum eru mismunandi miklar og tillögur þeirra misítarlegar.

Við lestur innsendra erinda eru þó ákveðin atriði sem nánast hvarvetna eru nefnd og óskað eftir stuðningi ríkisins við að koma í lag.

Í fyrsta lagi virðist ljóst að notkun reiðhúsa (reiðhalla, reiðskála og reiðskemma)² af ýmsu tagi virðist vera orðin svo stór hluti af nútímareiðmennsku, bæði íþróttinni sem slíkri og atvinnugreininni, að slík aðstaða er nú talin nauðsynlegt fyrir alla framþróun í hestamennsku á landinu og ómissandi til að hægt sé að halda uppi kennslu og námskeiðahaldi yfir veturinn sem og sýningarhaldi. Uppbygging reiðhúsa er án efa til þess fallin að bæta mjög aðstöðu barna og unglinga á landsbyggðinni til ástundunar á íþrótt sinni sem og að auðvelda námskeiðahald og kennslu sem ekki er hægt að bjóða upp á núna þar sem þessi aðstaða er ekki fyrir hendi.

Í öðru lagi virðist vanta sárlega reiðleiðir á mörgum stöðum, bæði innan félagssvæða og milli landshluta. Mikið er fjallað um það í innsendum erindum að reiðleiðir séu forsenda fyrir því að hægt sé að stunda hestaferðir á hættulausan og umhverfisvænan hátt. Reiðleiðir virðast skipta sköpum hvað það varðar að hesthúsahverfi séu eftirsóknarverð fyrir hestamann að hýsa hesta sína í og að atvinnumenn kjósi að stunda starfsemi sína á viðkomandi svæði. Einnig eru góðar reiðleiðir forsenda fyrir þau fyrirtæki sem hafa atvinnu af því að fara með ferðamenn í lengri og skemmri ferðir.

² Sjá skilgreiningu nefndarinnar á hugtakinu reiðhús í kafla 1.2.

Í þriðja lagi má af innsendum erindum ráða að stuðningur við ungmennastarf félaganna væri mjög æskilegur. Jafnræðis sé ekki gætt hvað varðar annað íþróttastarf í landinu, því hestamannafélögin hafi ekki sama aðgang að fjármagni og önnur íþróttafélög og kosti að jafnaði mest af sinni uppbyggingu úr eigin vasa, eða þurfi að treysta á velvilja sveitarfélaga, en eins og kunnugt er sé fjárhagur þeirra oft mjög bágborinn, sérstaklega úti á landi og þau þess alls ekki umkomin að styrkja starfsemi sem þessa að nokkru ráði.

Í fjórða lagi kemur greinilega fram að aðstaða fyrir hestaferðamenn er af skornum skammti víða um land. Reiðleiðir eru ekki til, þær ekki merktar, hafi verið girtar af eða lagðar meðfram þjóðvegum þar sem slyshætta er mikil og lítið eftirsóknarvert er að ríða um á hestum meðfram þungri bílaumferð. Áningarstaðir eða áningarhólf eru oft ekki tiltæk.

Fleiri atriði komu fram hjá umsagnaraðilum en ofangreind fjögur atriði voru þau sem langmest áhersla var lögð á.³

Nefndarmenn urðu sammála um þá aðferðafræði að tillögur nefndarinnar ættu eftir því sem frekast væri unnt að vera almennar og benda á með hvaða hætti ríkið gæti stutt við hestamennsku á landsbyggðinni þannig að tillögur nefndarinnar gætu nýst sem grundvöllur fyrir stefnumótun fyrir landsbyggðina alla. Því miða tillögur nefndarinnar aðallega við ákveðnar tegundir verkefna, en ekki sérstök verkefni á ákveðnum stöðum. Á þessari vinnureglu er þó undantekning. Uppbygging reiðhúsa er sérstaklega tekin fyrir í skýrslunni. Nefndin taldi að til þess að skýrsla nefndarinnar og vinna hennar kæmi að sem bestu gagni hvað þetta varðar, væri best að setja fram ákveðnar tillögur um stuðning við uppbyggingu reiðhúsa á ákveðnum stöðum. Nefndin stóð hins vegar frammi fyrir þeirri spurningu, hvernig hægt væri að gera upp á milli þeirra svæða og hestamannafélaga sem ekki eiga slík hús eða hafa afnot þeirra. Til þess að svara þessu setti nefndin sér skýr viðmið sem hún vildi líta til þegar tillögur um stuðning voru mótaðar. Við úrvinnslu notaði nefndin síðan þau gögn sem hún aflaði sér, vitneskju og þekkingu frá viðmælendum nefndarinnar og faglegt mat byggt á þeirri þekkingu nefndarinnar. Atriðin sem lítið var til voru eftirfarandi:

1. *Óskir heimamanna.* Ef fulltrúar viðkomandi hestamannafélags nefndu reiðhús sem sérstakt áhersluatriði í uppbyggingu á viðkomandi svæði komust þeir í hóp þeirra sem metnir voru sérstaklega. Horft var til þess hvernig óskir var rökstudd. Ef fleiri en eitt byggðarlag eða hestamannafélag sameinaðist um beiðnina styrkti það viðkomandi beiðni.
2. *Íbúafjöldi.* Því fleiri íbúar, því ríkari ástæður fyrir uppbyggingu.
3. *Fjöldi hestamanna í viðkomandi félögum.* Því fjölmennara sem hestamannafélag væri sem óskaði eftir stuðningi við uppbyggingu á reiðhúsi, þeim mun meiri líkur væru á virku starfi í húsinu og meiri þörf fyrir uppbyggingu.
4. *Staðsetning.* Lítið var til þess hvort fyrirhugað reiðhús væri miðsvæðis og nýttist þar með stóru svæði o.s.frv.
5. *Aðstaða.* Hvaða aðstaða er þegar fyrir hendi á svæðinu? Hvernig fellur bygging reiðhúss að því skipulagi og fyrirkomulagi sem er á viðkomandi svæði? Ef öll önnur

³ Í ályktunum Landssamband hestamannafélaga (L.H.) frá síðasta landsþingi LH, sem fylgja með í skýrslunni, koma sjónarmið landssambandsins vel fram, varðandi það að merkja þurfi reiðleiðir, koma upp áningarhólfum og hvað aukin fjárveiting til reiðvegagerðar er ofarlega á forgangslista LH.

aðstaða er á svæði eykur það líkur á stuðningi. Ef engin aðstaða er á viðkomandi svæði minnkar það hins vegar líkurnar á að lagt verði til að reiðhús sé byggt, enda vantar þá undirstöður fyrir starfsemi í slíku húsi. Ef reiðhús var fyrir á viðkomandi svæði fékk ósk viðkomandi aðila færri stig hjá nefndinni. Því koma hér til skoðunar samspil þessara þátta. Mestar líkur áttu svæði þar sem öll aðstaða var fyrir hendi nema reiðhús.

6. *Atvinnustarfsemi í hestamennsku á svæðinu.* Ef mikil atvinnustarfsemi tengd hestamennsku er rekin á viðkomandi svæði þykir það styrkja óskir um stuðning við uppbyggingu reiðhúss.
7. *Nálægð við skóla.* Horft er til þess hvort viðkomandi reiðhús gæti nýst undir kennslu frá nærliggjandi skólum, bæði til hestaíþróttar og til annarra íþróttar.
8. *Ferðapjónusta.* Horft er til þess hvort á viðkomandi svæði er hestatengd ferðapjónusta sem notað gæti mannvirkni eða notið góðs af starfsemi sem þar færi fram.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum gaf nefndin þeim sem nefnt höfðu stuðning við byggingu reiðhúss á sínu svæði sem áhersluatriði stig frá 0 – 4 fyrir hvern þátt og var útkoman grundvöllur tillagna nefndarinnar.

Eins og margoft hefur komið fram í ræðu og riti þá er ferðapjónusta vaxandi atvinnugrein hér á landi og er ekkert sem bendir til annars en að vöxtur greinarinnar haldi áfram á komandi árum. Á nýliðnu ári er áætlað að um 350.000 erlendir ferðamenn hafi komið til landsins og er það fjölgun um rúmlega 150.000 frá árinu 1996. Auk þessara 350.000 ferðamanna komu um 45.000 erlendir ferðamenn með skemmtiferðaskipum á s.l. ári. Af þessum 350.000 erlendu gestum komu um 172.000 yfir sumarmánuðina þrjá.

Ferðamálaráð Íslands er með yfirgripsmikinn gagnagrunn yfir þá þjónustu er ferðamönnum býðst sem sækja landið heim. Þar kemur m.a. fram að 22 aðilar á landinu bjóða hestaferðir, allt frá 1 klst. til ferða sem taka allt að þremur vikum. Skipting þessara aðila eftir landsvæðum er eftirfarandi:

Höfuðborgarsvæðið 5
Vesturland 4
Norðurland 8
Austurland 2
Suðurland 3

Þá hefur Ferðamálaráð unnið könnun meðal erlendra ferðamanna frá árinu 1996. Þegar svör við þeirri spurningu hvaða afþreying hafi verið nýtt, kemur í ljós að í mánuðunum júní, júlí og ágúst hafa um 16,7% svarenda nýtt sér hestatengda afþreyingu.⁴ Samkvæmt ofangreindu má gera ráð fyrir að um **53.000** erlendir gestir hafi notfært sér hestatengda afþreyingu meðan á dvöl þeirra stóð hér á landi, (Áætlaður heildarfjöldi $350.000 - 172.000 = 178.000 \times 13,9\% = 25.000 + (172.000 \times 16,7\% = 29.000) = 53.000$). Auk þessa má ætla að um 3 – 5% innlendra ferðamanna hafi farið á hestbak í ferðum sínum, þ.e. keypt sér þá þjónustu á árinu.⁵

⁴ Könnun ferðamálaráðs 2004

⁵ Ferðamálaráð Íslands “Ferðavenjur innanlands árið 2003” desember 2003

Eins og áður er getið þá komu um 45.000 erlendir gestir með skemmtiferðaskipum til landsins árið 2004. Áætlanir gera ráð fyrir að þessum gestum komi til með að fjölga árlega um 8% á komandi árum.⁶ Ekki hefur verið gerð könnun meðal gestanna um hvers konar afþreyingu þeir hafa nýtt sér meðan á dvöl þeirra stóð hérlendis en væntanlega hefur einhver hópur þeirra nýtt sér þá þjónustu er snýr að íslenska hestinum. Gera má ráð fyrir að í náinni framtíð verði ferðamönnum boðið upp á sýningar í reiðhöllum þar sem íslenski hesturinn verður í aðalhlutverki og er ekki að efa að þær sýningar munu að vekja mikla og jákvæða athygli á fjölbærni íslenska hestsins og ekki síður landi og þjóð. Vegna rysjóttis veðurfars hérlendis getur þess háttar sýningarhald aldrei orðið að neinu marki án tilkomu reiðhalla sem skýla gestum og sýnendum fyrir veðri og vindum.

3.2. Reiðhallir, reiðskemmur og reiðskálar

3.2.1. Almenn

Nefndin lét taka saman lista frá Fasteignamatí ríkisins yfir þær reiðhallir, reiðskemmur og reiðskála sem skráð hafa verið í fasteignamatinu og fylgir hann með sem fylgiskjal 5.5. Listinn er þó ekki að alveg fullkominn og gera má ráð fyrir að einhverja reiðskála og e.t.v. einhverjar reiðskemmur vanti á hann. Listinn tilgreinir hins vegar allar reiðhallir á landinu og gefur gott yfirlit yfir flestar byggingar í þessum flokkum á landinu. Listinn var kynntur á landsþingi L.H. 2004 og hefur verið yfirfarinn af fulltrúum á þingi L.H.

3.2.2. Tillögur nefndarinnar

Þegar litið er til þeirrar uppbyggingar sem víða hefur átt sér stað í gerð reiðhúsa á landinu og þeirra breytinga sem slík mannvirki hafa haft í för með sér á viðkomandi stöðum virðist nefndinni ljóst að reiðhús hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna.

Nefndin kynnti sér sérstaklega hvernig starfsemi fer fram í þeim reiðhöllum sem nú eru í rekstri. Í ljós kom að í reiðhöllum og má t.d. nefna reiðhöll hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði, reiðhöllina á félagssvæði Andvara á Kjóavöllum og reiðhöll Gusts í Kópavogi, fer fram mikið reiðnámskeiðahald á vetrum sem hefst fljótlega þegar hestar eru teknir á hús eftir áramót. Algengt er að hestamannafélögin hafi opna tíma í húsunum þannig að hinn almenni félagsmaður getur þá komið með sinn hest og unnið með hann inni í reiðhöllinni. Einhvers konar reiðsýningar eða keppnir eru einnig haldnar í öllum þessum húsum á veturna eða vorin. Auk þessa eru reiðhúsin notuð til margskonar samkomuhalds bæði á vegum hestamannafélaganna og annarra, þar sem slík aðstaða er fyrir hendi. Það sem hins vegar kom á óvart var hversu vel húsin nýttust fyrir margskonar aðra starfsemi. Mjög mikið er um það að reiðhallir séu notaðar til æfinga á vegum íþróttafélaga, einkum til fótboltaæfinga og reyndar stundum svo að hestamönnum

⁶ Iceland's position as a cruise destination, Herman van Deursen 2002

finnst nóg um. Húsin eru einnig notuð til annarskonar samkomuhalds svo sem til hunda- og kattasýninga og annarra dýrasýninga, dansleikjahalds, í flugukastkennslu, tónleikahalds o.fl. Möguleikarnir með nýtingu húsanna virðast vera miklir og ekki bundnir við hestamennsku. Reiðhúsin virðast því vera sannkölluð fjölnota hús á margan hátt.

Með vísan til framansagðs leggur nefndin því til að ríkisvaldið styrki sérstaklega byggingu reiðhúsa á landsbyggðinni, skv. skilgreiningu nefndarinnar á slíkum mannvirkjum, eins og gert er við önnur íþróttamannvirki. Miðað verði við að hestamannafélög, ásamt viðkomandi sveitarfélagi geti verið umsækjendur um slíkan styrk og e.t.v. líka íþróttafélög á svæðinu. Einnig leggur nefndin til að félagsskapur eða hlutafélag í meirihlutaeigu ofangreindra aðila ásamt einkaaðilum, eftir atvikum, geti verið umsækjandi um styrk til byggingar reiðhúsa. Tryggja þarf við slíka styrkveitingu, aðgang hestamanna og almennings að slíkum byggingum. Miðað verði við að slíkur styrkur sé að öllu jöfnu ekki veittur til byggingar á reiðhöll eða reiðskemmu ef slíkt mannvirki er fyrir á viðkomandi svæði sem almenningur hefur aðgang að, þannig að ekki verði um beina samkeppni við einkarekstur að ræða. Gengið er út frá því, að mestu leyti væri um styrk að ræða. Einnig kæmi til greina að hluti af fjárframlaginu væri í formi láns eða hlutafjár, enda þykir nefndinni ljóst að verkefnið er einkar vel til þess fallið að styrkja innviði þess samfélags þar sem slík hús eru reist. Hins vegar er einnig ljóst að á minni stöðum eru ekki líkur á því að mannvirkin stæði undir afborgunum af lánum þó rekstur þess gæti gengið að öðru leyti og því er lagt til að hluti fjárframlagsins væri í formi hlutafjárframlags eða styrks.

Að þessu sögðu vill nefndin í samræmi við það sem áður hefur komið fram, gera eftirfarandi tillögu um stuðning ríkisins við uppbyggingu reiðhúsa á landsbyggðinni:

3.2.2.1. Reiðhöll á Akureyri

Eftir stigagjöf nefndarinnar sem fram kemur í töflu á fylgiskjali 5.7, sem byggð er þeim sjónarmiðum sem fram koma í kafla 3.1. hér að framan er Akureyri sá staður sem flest stig fær af þeim stöðum sem óskað hafa eftir stuðningi við byggingu á reiðhúsi eða alls 32 stig, þ.e. fullt hús. Á Akureyri er ekki reiðhöll. Þegar hafa verið mótaðar hugmyndir og gerðar áætlanir af hálfu Akureyrarbæjar og Hestamannafélagsins Léttis á Akureyri um byggingu og rekstur slíks húss, sem studdar eru af Funamönnum í Eyjafjarðarsveit og Gnýfaramönnum á Ólafsfirði. Mikil áhersla hefur verið lögð á byggingu reiðhallar af hálfu heimamanna og hafa nefndinni verið sendar ítarlegar hugmyndir og áætlanir um slíka byggingu á Akureyri. Hugmyndir eru um byggingu fjölnota húss sem nýst gæti fyrir margskonar starfsemi. Húsið yrði staðsett í þéttbýlinu á Akureyri og ætti því að nýttast betur en ella. Ekki er um það að ræða að bygging reiðhallar á Akureyri leiddi til beinnar samkeppni við annan einkarekstur. Á Akureyri er stunduð mikil hestamennska og mikil hefð er þar fyrir hestaíþróttum og keppnum. Gerð hefur verið rekstraráætlun fyrir reiðhöll og notkun hennar sem fjölnota mannvirkis, og til kynningar á íslenska hestinum fyrir ferðamenn. Með hliðsjón af ofansögðu leggur nefndin til að stutt verði sérstaklega við byggingu reiðhallar á Akureyri, sem yrði veglegt hús reist eftir hugmyndum heimamanna.

3.2.2.2. Reiðhöll í Borgarfirði

Í öðru sæti í stigagjöf nefndarinnar, sjá fylgiskjal 5.7, með 30 stig er félagssvæði Skugga og Faxa í Borgarfirði. Þegar gögn nefndarinnar eru skoðuð kemur og í ljós að ekki er nein bygging á Vesturlandi sem uppfyllir reiðhallarskilgreininguna, allt frá Víðidal í Reykjavík að reiðhöllinni á Blönduósi. Um stórt svæði er að ræða með miklum fjölda hesta og hestamanna. M.a. er um að ræða þéttbýlisstaðina Akranes og Borgarnes, Borgarfjarðarsveitir, þéttbýlisstaðina á Snæfellsnesi og byggðirnar í Dölum. Á Miðfossu í Borgarfjarðarsveit er reiðskemma í hlöðu, sem notuð er til tamninga af eiganda. Á Staðarhúsum í Borgarfjarðarsveit er reisuleg reiðskemma sem notuð er af eiganda til tamninga og þjálfunar og til námskeiðahalds og minni sýninga. Af innsendum erindum er hins vegar ljóst að mikil þörf er á inniaðstöðu fyrir sýningar og keppnir sem opin væri almenningi. Á Vesturlandi eru einungis skráðar tvær ofantaldar reiðskemmur. Nefndin leggur því til að stutt verði við byggingu reiðskemmu í Borgarfirði og þá annað hvort í Borgarnesi eða á Hvanneyri en nauðsynlegt væri að samstaða næðist milli heimamanna um slíka framkvæmd. Styrkja ætti byggingu húss í Borgarfirði af svipaðri stærð og gerð og þær reiðhallir sem reistar hafa verið af Sörlamönnum í Hafnarfirði, Andvaramönnum í Garðabæ eða Gustmönnum í Kópavogi.

3.2.2.3. Reiðhöll á Fljótsdalshéraði

Í þriðja sæti í stigagjöf nefndarinnar, sjá fylgiskjal 5.7, var félagssvæði Freyfaxa á Fljótsdalshéraði með 26 stig. Á Fljótsdalshéraði er ekki að finna byggingu sem flokkast undir reiðhallarskilgreininguna og er svæðið allt frá reiðhöllinni á Hólum í Hjaltadal til reiðhallarinnar í Ölfusi án slíkrar byggingar. Því leggur nefndin einnig til að stutt verði við byggingu á reiðhöll á þessu svæði. Styrkja ætti byggingu húss á Fljótsdalshéraði af svipaðri stærð og gerð og þær reiðhallir sem reistar hafa verið af hestamannafélögunum Sörla í Hafnarfirði, Andvara í Garðabæ eða Gusti í Kópavogi. Slíkt fjölnota hús myndi bæta stórlega alla aðstöðu til hestamennsku á svæðinu og verða lyftistöng fyrir íþróttalíf á svæðinu auk þess sem halda má mannfagnaði og samkomur af ýmsu tagi í slíku húsi.

3.2.2.4. Reiðskemma á Hornafirði

Í 4. sæti í stigagjöf nefndarinnar sjá, fylgiskjal 5.7, var svæðið í kringum Hornafjörð, þ.e. félagssvæði hestamannafélagsins Hornfirðings með 25 stig. Hornafjörður er langt frá næstu stöðum þar sem reiðhöll er að finna. Mikil saga og hrossarækt hefur ávallt verið tengd við Hornafjörð og er hestamennska þar í hávegum höfð. Með vísan til stigmatöflu nefndarinnar leggur nefndin því til að stutt verði við byggingu reiðskemmu í Hornafirði til kennslu, námskeiðahalds og smærri sýninga, en ekki er talin grundvöllur til að mæla með byggingu fullgildrar reiðhallar á svæðinu.

3.2.2.5. Reiðskemmur á Snæfellsnesi og Ísafirði

Í 5. – 6. sæti í stigagjöf nefndarinnar sjá fylgiskjal nr. 7 urðu félagssvæði Snæfellsnesi á Snæfellsnesi og félagssvæði Storms, Hendingar og Kinnskærs á Vestfjörðum bæði með 24. stig.

Nefndin telur að reiðskemma til námskeiða og kennsluhalds sem reist væri á norðanverðu Snæfellsnesi væri ákjósanlegur kostur og er þá einkum horft til Grundarfjarðar. Slík reiðskemma gæti þá þjónað öllum þéttbýlisstöðunum á norðanverðu nesinu, enda er mikil samvinna milli kaupstaðanna, þ.e. Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar. Nýverið var tekinn í gagnid framhaldskóli á Grundarfirði og bygging reiðskemmu þar þykir því ákjósanleg hvað varðar staðsetningu og nálægð við framhaldsskólann í Grundarfirði. Myndi hún nýtast til námskeiðahalds og framhaldsskólinn og hestamenn á norðanverðu Snæfellsnesi gætu nýtt húsið á margs konar hátt. Keppnisvöllur er á svæði Hesteigendafélags Grundarfjarðar og auk þess nýtt félagsheimili í eigu hesteigendafélagsins.

Nefndin telur einnig að bygging reiðskemmu og e.t.v. reiðhallar á Ísafirði gæti reynst hestamönnum á Vestfjörðum mikil lyftistöng, en Vestfirðir hafa átt á brattann að sækja varðandi hestaíþróttir sökum aðstöðuleysis. Nefndin mælir því með því að stutt verði við byggingu reiðskemmu á Ísafirði, en það þykir styrkja óskir Vestfirðinga að einhugur virðist vera meðal þeirra um byggingu reiðskemmu á Ísafirði.

3.2.2.6. Önnur svæði

Í stigagjöf nefndarinnar sjá röðuðust eftirfarandi svæði í þessari röð, sjá fylgiskjal 5.7. Í 7.-9. sæti var félagssvæði Mánamanna á Suðurnesjum, svæði hestamannafélaganna Þráins, Þjálfá, Grana og Feykis á Norðurlandi Eystra og Gaddstaðafláttir. Fjölmargar óskir höfðu borist landbúnaðarráðuneytinu í gegnum tíðina um stuðning við uppbyggingu reiðhúss á Gaddstaðaflötum við Helli frá félaginu Gaddstaðaflötum ehf. Nefndin fjallaði um þann möguleika að stutt væri við uppbyggingu reiðhúss á því svæði. Ljóst var hins vegar af innsendum erindum að hestamannafélögin á svæðinu lögðu ekki mikla áherslu á uppbyggingu reiðhúss á Gaddstaðaflötum heldur frekar á uppbyggingu reiðvega. Reyndar var svörun á þessu svæði við erindi nefndarinnar léleg. Í 10. sæti var svæði hestamannafélagsins Dreyra á Akranesi. Í 11. sæti var svæði hestamannafélagsins Þyts í Húnaþingi-Vestra. Í 12. sæti var svæði hestamannafélagsins Kóps á Kirkjubæjarklaustri. Á þeim svæðum sem eru í 7.-9. sæti, telur nefndin æskilegt að skoða og meta hvort styðja eigi við uppbyggingu reihúsa af einhverju tagi sem nýtst gætu til kennslu og námskeiðahalds.

3.3. Reiðleiðir

3.3.1. Almenn

Í skýrslu vinnuhóps Landssambands Hestamannafélaga,(LH) og Vegagerðarinnar, þar sem fram koma leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega, er að finna gott

yfirlit yfir tegundir hestaumferðar, flokkun reiðleiða og gerð þeirra.⁷ Í skýrslunni eru reiðleiðir flokkaðar í “*stofnleiðir*” sem eru aðalleiðir sem liggja á milli sveitarfélaga og tengja saman sveitir og þéttbýli, “*þéttbýlisleiðir*” sem eru leiðir í næsta nágrenni við þéttbýli og annars staðar þar sem búast má við mikilli hestaumferð. Einnig leiðir á milli hesthúsa og “*héraðsleiðir*” sem eru tengingar á milli bæja og fornra leiða, sem ekki þola mikla umferð og yfirleitt aðeins gert ráð fyrir einstaklingsumferð.

“Reiðvegir í náttúrulegu umhverfi, í fjarlægð frá akvegum og annarri umferð, sem gerður er þannig að hann veldur lágmarksúrótum á því landi sem reiðvegurinn liggur um, er reiðleið sem flestir íslenskir hestamenn sækjast eftir og erlendir ferðamenn eru að uppgötva í auknum mæli. Nú þegar hestamennskan og sögutengd ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein er mikilvægt að huga vel að reiðleiðum og ekki síður þarf að huga að því að reiðleiðir hafi nafn og sögu” Tilvitnuð orð eru úr áður tilvitnaðri skýrslu vinnuhóps LH og gefa ákaflega góða mynd af því hugarfari sem almennt ríkir um það hvernig reiðleiðir ættu að vera.

3.3.2. Lagaleg staða reiðvega skv. vegalögum nr. 45/1994

Í vegalögum nr. 45/1994, ásamt síðari breytingum eru ákvæði um flokkun vega í nokkra meginflokk. Þeir helstu eru þjóðvegir, almennir vegir og einkavegir.

Þjóðvegir eru þeir vegir sem falla undir skilgreiningu í 7. gr. vegalaga og eru vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálstrar umferðar, þeim er haldið við af fé ríkisins og taldir eru upp í vegaáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá.

Almennir vegir eru einkavegir, reiðvegir, hólreiða- og göngustígar skv. skilgreiningu í 9. gr. vegalaga. Almennir vegir eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar.

Einkavegir eru vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

3.3.3. Fjármögnun reiðvega

Í 10. gr. vegalaga nr. 45/1994 er að finna ákvæði er fjalla um það hvernig háttað skuli kostnaði vegna byggingar almennra vega, en þar segir að eigendur almennra vega og einkavega hafi veghald þeirra. Þjóðvegum er eins og áður sagði haldið við af ríkisfé. Hjólreiða- og göngustígum er haldið við af þeim sem þá eiga.

Samkvæmt heimild í 16. gr. vegalaga má veita fé í vegaáætlun til greiðslu kostnaðar við samgönguleiðir sem ekki teljast þjóðvegir til gatna í þéttbýli, vega yfir fjöll og heiðar sem ekki eru þjóðvegir, vega að bryggjum, vega að eyðibýlum, vega að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir, en taldir upp í flugmálaáætlun sem

⁷ Leiðbeiningar um gerð og uppbyggingu reiðvega. Skýrsla vinnuhóps LH og Vegagerðarinnar. Kynningarútgáfa 25.03.03.

þjónustuvellir eða lendingarstaðir, vega að skipbrotsmannaskýlum, vega að skíðaskálum og skíðasvæðum, vega að fjallskilaréttum, vega að leitarmannaskálum, vega að fjallaskálum, vega að fullgerðum orkuverum, vega að félagsheimilum, vega að og innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða og ferjum sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr. laganna.

Í 17. gr. vegalaga er hins vegar sérákvæði um reiðvegi en þar kemur fram að í vegaáætlun skuli veita fé til reiðvega skv. sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Samkvæmt öllu framantöldu njóta reiðvegir því sérstöðu meðal annarra samgöngumannvirkja hvað fjármögnun snertir.

Framkvæmdin er því sú að fé er veitt til reiðvega eftir sérákvæði í vegalögum. Samgönguráðherra leggur þingsályktunartillögu fyrir Alþingi, að fengnum tillögum vegamálastjóra, um útgjöld til helstu framkvæmdaflokka laganna. Framlagi til reiðvega af vegafé er ráðstafað að hluta til af Landssambandi hestamannafélaga og að hluta til af umdæmisstjórnnum Vegagerðarinnar. Úthlutun umdæmisstjóra er gerð í samráði við hestamenn og skipulagsyfirvöld á hverjum stað. Fé sem veitt hefur verið til reiðvegagerðar af vegafé hefur fyrst og fremst verið varið til að auka öryggi á alfaraleiðum og í uppbyggingu héraðs- og stofnleiða.

Í framkvæmd hefur verið gerð sú krafa til reiðvega sem opinberu fé er veitt til að þeir séu á samþykktu skipulagi í viðkomandi sveitarfélagi.⁸ Reynslan sýnir að framlög sveitarfélaga hafa miðað fyrst og fremst að því að byggja upp aðstöðu fyrir hestamenn í hverju sveitarfélagi fyrir sig, þ.e. reiðleiðir innan svokallaðs hesthúsaferfis og næsta nágrennis við það. Fé það sem sveitarfélög hafa lagt fram til reiðvegagerðar er oft á tíðum háð því að úthlutun fái af reiðvegafé. Þannig hefur reiðvegafé til ráðstöfunar fyrir hestamannafélögin aukist um allt að 40%, skv. upplýsingum frá LH.

3.3.4. Samkomulag Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga frá 1992

Árið 1982 var undirritað samkomulag á milli LH og Vegagerðar ríkisin. Í 1. gr. samkomulagsins er kveðið á um það að þegar stofnbrautir eða þjóðbrautir með bundnu slitlagi eru lagðar út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, skuli þess gætt að haga framkvæmdum á þann veg, að umferð ríðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram vegum, ef þess er kostur, enda hafi komið um það tillaga frá samstarfsnefnd sem sett er á fót í samningnum og starfa skal í hverju umdæmi vegagerðarinnar. Þegar um nýbyggingu vegar er að ræða er gerð reiðleiðar meðfram veginum eða á öðrum stað frá veginum kostuð af nýbyggingarfé vegarins. Í skýrslu nefndar um viðbótarfjáröflun til reiðvega frá febrúar 2003 kemur fram að síðan samkomulagið var undirritað hafi framkvæmd þess ekki gengið eftir í mörgum tilvikum. Þörf fyrir reiðvegi hafi vaxið hraðar en unnt hafi verið að anna með takmörkuðu fjármagni.⁹

⁸ Skýrsla til samgönguráðherra frá nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega. Febrúar 2003.

⁹ Skýrsla til samgönguráðherra frá nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega. Febrúar 2003.

3.3.5. Tillögur nefndarinnar

3.3.5.1. Almennt

Þegar tillögur og óskir hestamannafélaganna á landinu eru skoðaðar kemur bersýnilega í ljós að bættar reiðleiðir eru helsta baráttu- og áhugamál flestra félaganna. Í mörgum innsendum erindum kemur vel fram hvað þarf að gera til að bæta reiðleiðir á viðkomandi stað, nefndar eru sérstakar reiðleiðir milli ákveðinna staða sem bæta þurfi, einstök atriði eins og bætt öryggi við brýr og tengingar við náttúrulegar reiðleiðir eða aflagða akvegi.

Af innsendum erindum má einnig ráða að uppbygging reiðleiða er ekki bara nauðsynleg frá sjónarhóli þeirra þúsunda almennra hestamanna sem stunda útreiðar í hesthúsahverfum á vetrum, heldur einnig frá sjónarhóli ferðapjónustunnar og hestaferðamennsku. Umhverfissjónarmið spila einnig stóran þátt í allri ferðamennsku á hestum og er uppbygging reiðleiða gríðarlega mikilvægur þáttur í ásýnd hestaferða.¹⁰ Ljóst er að ekki er alltaf verið að kalla eftir gerð uppbyggðra reiðvega, eins og þeir þekkjast í hesthúsahverfum heldur oft á tíðum því að einstaka kaflar reiðleiða séu lagaðir, reiðleiðir merktar, fornar reiðleiðir opnaðar að nýju, aðstaða á reiðleið bætt með ofaniburði eða einfaldlega það að reiðleið sé haldið við með eðlilegum hætti.

3.3.5.2. Gerð nýrra reiðleiða.

Eins og fram kemur í samkomulagi L.H. við Vegagerð ríkisins frá árinu 1982, á þegar stofnbraut eða þjóðbraut með bundnu slitlagi eru lögð út frá þéttbýlissvæðum eða annars staðar, þar sem búast má við mikilli umferð, að gæta þess að haga framkvæmdum á þann veg, að umferð riðandi manna megi verða sem greiðust, t.d. með gerð reiðvega á vegsvæði meðfram veginum, ef þess er kostur. Af því sem fram kemur í umsögnum frá hestamannafélögunum og í gögnum sem nefndinni hafa borist¹¹ er ljóst að ekki hefur alltaf verið staðið við umrætt samkomulag af hálfu Vegagerðarinnar. Hins vegar kemur það þó enn betur í ljós í umsögnum að sú stefna að leggja reiðvegi meðfram akvegum þegar lagt er á þá bundið slitlag, þó hún sé góðra gjalda verð, er röng. Bæði skapar þetta slyshættu þegar umferð hestamanna, oft með lausa hesta er svo skammt frá þjóðvegi, þar sem ekið er um á miklum hraða og svo hitt að hestamenn vilja á ferðum sínum ekki riða meðfram þjóðveginum. Hestaumferð og bílaumferð fara ekki saman.

Nefndin leggur því til að hætt verði að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum eftir því sem frekast er kostur. Þess í stað verði þegar hafist handa við það, í samstarfi við L.H. og Vegagerðina að leggja reiðleiðir þar sem þær voru áður eftir því sem heimildir og kort mæla fyrir um, eða á nýjum stað, en ekki við þjóðveginn, eða á helgunarsvæði hans. Horft er í þessu sambandi sérstaklega til Herforingjaráðskortanna svokölluðu sem og annarra heimilda. Nefndin leggur til að við lagningu reiðleiða verði því reynt að halda í sögulegar reiðleiðir. Reiðleið er oft á tíðum ekki bara slóði sem riðið er um án umhugsunar heldur einnig söguslóð þar sem maður, hestur, náttúran og saga blandast

¹⁰ Í máli Einars Bollasonar á fundi hjá nefndinni kom m.a. fram að hann teldi umhverfisþáttinn og góða umgengni við landið vera eitt af þeim atriðum sem hefðu mesta þýðingu í rekstri fyrirtækisins Íshesta.

¹¹ Skýrsla til samgönguráðherra frá nefnd um viðbótarfjáröflun til reiðvega. Febrúar 2003.

saman. Því er það niðurstaða nefndarinnar að hætt verði að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum eins og samkomulag Vegagerðarinnar og L.H. frá 1982 kveður á um, nema brýna nauðsyn beri til og reiðleiðin þess í stað lögð í samræmi við það sem lýst er hér að framan..

3.3.5.3. Aðstaða til hestaferðalaga

Uppbygging reiðleiða á sér margar hliðar. Reiðleiðir ættu eftir því sem hægt er að vera þannig úr garði gerðar að þær falli vel að því landslagi sem þær liggja um. Reiðleiðir sem nota á til ferðalaga nýtast best ef á þeim er fyrirkomid aðstöðu sem nýta má af hestaferðalöngum. Stuðningur við uppbyggingu gerða, áningarstaða eða áningarhólfa á fjölförnum reiðleiðum er eitt af því sem nefndin leggur til. Oft væri ekki verið að tala um mikinn kostnað, t.d. gæti verið um að ræða eina rétt eða eitt afgirt hól til að hægt sé að á með hross í rekstri. Nefndin leggur því til að um leið og reiðleið er byggð upp sé gætt að því að nauðsynleg aðstaða sé jafnframt byggð upp eða gert ráð fyrir henni. Áningarstaði má horfa á eins og bílastæði fyrir bíla eða útskot á vegum þar sem fólk getur borðað nesti sitt, eins og þekkt eru víðsvegar meðfram þjóðvegum landsins. Ljóst er að um mjög mikilvæga þjónustu er að ræða sem nýtt er af öllum þeim sem um reiðleiðirnar fara. Hins vegar virðist af innsendum svörum einnig ljóst að verulega er skortur á aðstöðu meðfram þeim reiðleiðum sem þó hafa verið skipulagðar.

3.3.5.4. Tenging reiðleiða við þekkt áningar- og ferðamannastaði

Það er mat nefndarinnar að með bættu skipulagi og heildaryfirsýn yfir uppbyggingu reiðleiða um land allt væri hægt að auk ferðamannastraum á tiltekna staði og dreifa álagi á fleiri staði, en nú eru nokkrir staðir sem eru ofsetnir bæði af mönnum og hestum yfir vinsælasta tímunn. Nefndin leggur því til að farið verði sérstaklega yfir það hvernig tengja megi vinsæla staði við stofnleiðir og héraðsleiðir, fornar og nýjar og veittir fjármunir til uppbyggingu slíkra reiðleiða. T.d. ætti að huga sérstaklega að því að helstu reiðleiðir að landsmótsstöðum séu góðar. Slíkt eykur vitaskuld straum hestamanna á landsmótið sjálf og skilar sér í auknum viðskiptum á öllum þeim svæðum sem reiðleiðirnar liggja um, svo sem hjá ferðapjónustubændum, tjaldstæðum o.s.frv. Slíkar framkvæmdir væru líklegar til þess að skila fleiri ferðamönnum á viðkomandi stað. Tengja þarf sem flest hestamannahverfi á landinu við stofnleiðir.

3.3.5.5. Fjárveitingar – Aukin framlög til reiðvega

Fjármunir eru afl þess sem gera skal. Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að framlög til reiðvega af Vegaáætlun séu vanáætluð og gæti hið opinbera styrkt mjög við uppbyggingu hestamennsku og hestatengdar ferðamennsku með því að tvöfalda framlög sín til reiðvega af Samgönguáætlun. Nefndin telur ljóst að í ljósi þess hversu mikill vöxtur er í hestaferðamennsku eins og fram kemur í gögnum frá Landssambandi hestamannafélaga þá er viss skekkja í þeim framlögum sem lögð eru til reiðvega ef litið

er til þeirra tekna sem hestaferðamennskan skapar. Sér í lagi er ljóst að framlög til reiðvega eru mjög lág ef litið er til þess hve notendur reiðvega eru margir.¹²

Nefndin leggur einnig til að ríkisstjórnin samþykki sérstaka fjárveitingu á fjárlögum, umfram tekjur Vegasjóðs, sem fjárframlag vegna átaks við gerð reiðleiða og mannvirkja tengdum þeim á landsbyggðinni, þar sem ljóst er að í töluverðan tíma hefur verið þörf fyrir meira fjármagn í reiðvegagerð, en fengist hefur. Slíkar framkvæmdir, endurbætur og uppbygging á reiðleiðum styðja við bakið á hestamennsku á landsbyggðinni og hestaferðamennsku. Leggur nefndin til að komið verði á fót nefnd skipuð fulltrúum frá L.H. og Vegagerðarinnar er geri tillögur að því hvernig sérstöku fjármagni vegna slíks átaks skuli varið, þegar fjármögnun hefur verið ákveðin af ríkisstjórn eða Alþingi.

3.4. Stuðningur við menntun í hestamennsku - knapamerkjakerfið

3.4.1. Almenn um knapamerkjakerfið¹³

Þegar nefndin skoðaði það með hvaða hætti hægt væri að styðja við starfsemi hestamennsku á landsbyggðinni voru allir þættir hugsanlegs stuðnings skoðaðir. Meðal þeirra þátta sem nefndin leit til var stuðningur við menntun og kennslu. Í ljós kom að í þessum efnum er verið að vinna mikla grundvallarvinnu að heildstæðu menntunarkerfi í hestamennsku. Til að skýra um hvað er verið að ræða er tekin upp í skýrslu þessa umfjöllun úr grein Helgu Thoroddsen, sem birtist á vefriti Eidfaxa haustið 2004, þar sem menntakerfinu og hugmyndum að baki því er lýst.

¹² Í ályktun landsþings Landssambands hestamannafélaga árið 2004 segir:

54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 samþykkir að fela stjórn LH að skora á fjárveitingarvaldið og ríkisstjórn að auka fjárframlög til reiðvegagerðar og til viðhalds reiðvega verulega frá því sem nú er. Í greinargerð með ályktuninni segir enn fremur: Árlega eru veittar 40 milljónir króna af vegaáætlun til reiðvegagerðar, það er fjórðungur þeirrar upphæðar sem hestamannafélögin sækja árlega um til LH, og dugir því engan veginn til þeirra verkefna sem fyrir liggja. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni þá skilaði hestatengd ferðaþjónusta þjóðarþjónu 7.500 milljónum króna tekjum árið 2001. Það ár sóttu 270 þúsund erlendir ferðamenn Ísland heim, um 20% þeirra fóru í hestaferðir, lengri eða skemmri. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði þá er árleg aukning erlendra ferðamanna 9%. Með sömu áframhaldandi þróun verða 585 þúsund erlendir ferðamenn á Íslandi árið 2010, a.m.k. 120 þúsund þeirra fara í hestaferðir eða sækja sér afþreyingu í íslenska hestinn. Það ár mun hestatengd ferðaþjónusta skila þjóðarþjónu 16.500 milljónum króna í tekjur miðað við núverandi verðlag og óbreytt gengi gjaldmiðla. Áætlanir flugfélaganna gera þó ráð fyrir mun meiri fjölgun erlendra ferðamanna en spár Ferðamálaráðs segja til um. Ljóst er að mikil tækifæri eru til sóknar fyrir hestamennsku og hestatengda ferðaþjónustu á komandi árum. Til að svo megi verða er bryn nauðsyn til að auka fjárframlög til reiðvegaframkvæmda verulega frá því sem nú er, því mikilla úrbóta er þörf um land allt. Að öðrum kosti er hætt á að komið geti til takmarkana á hestaferðum á ákveðnum svæðum.

Benda má á að núverandi stjórnarflokkar hafa tekið undir og eru hlynntir framkvæmdaáætlun um áframhaldandi uppbyggingu reiðvega til eflingar hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu.

¹³ Umfjöllun um knapamerkjakerfið er byggð á grein Helgu Thoroddsen sem birtist á www.eidfaxi.is desember 2004.

3.4.1.1. Aðdragandi knapamerkjahugmyndarinnar

Snemma árs 1999 var sett á laggirnar samstarfsnefnd Landsambands hestamannafélaga (LH), Félags tamingamanna (FT), Félags hrossabænda (FHRB) og Hólaskóla. Nefndin var kölluð Menntanefnd og var ætlað að gera tillögur að heildarskipulagi menntunar í hestamennsku og hrossarækt. Kveikjan að þessu samstarfsverkefni var m.a. sú að Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (ÍSí) hafði hvatt LH eins og önnur sérsambönd sín til að leggja fram hugmyndir að skipulagðri menntun innan hins opinbera menntakerfis í landinu. Menntanefndin skilaði tillögum sínum á haustmánuðum 1999 og voru þær kynntar víða í ræðu og riti s.s. á landsþingi LH, formannafundi FHRB, aðalfundi FT og í blöðum og tímaritum.

Menntanefnd áður nefndra aðila gerði tillögur að fimm stiga menntakerfi og hlaut það heitið Knapamerki eða Knapamerkjakerfi. Við vinnu sína hafði nefndin til hliðsjónar sambærilegt nám á Norðurlöndunum, Þýskalandi og Englandi þar sem slík kerfi eru til staðar og má þar sérstaklega benda á þýska kerfið sem er einstaklega vel upp byggt og vandað. Nefndin lagði m.a. til að í framtíðinni yrði boðið upp á nám í hestamennsku í grunn og framhaldsskólum landsins. Jafnframt lagði nefndin til að hægt yrði að bjóða upp á hið stigskipta nám í námskeiðsformi á vegum einstaklinga og/eða félaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

3.4.1.2. Markmið Knapamerkjakerfisins

Mikill fjöldi fólks stundar hestamennsku á íslenskum hestum bæði hérlendis og erlendis en segja má að hina íslensku “reiðskólahefð” eða skipulagt uppeldi reiðmanna hafi vantað hér á landi fram til þessa. Hólaskóli hefur um árabíl þróað og annast framhaldsmenntun á sviði reiðmennsku og hestamennsku en frumstig menntunarinnar, stoðirnar fyrir þá sem t.d. hyggja á nám við skólann hefur vantað. Hinn íslenski reiðskóli er mjög ungur ef litið er til annarra landa þó svo að hér hafi verið ríkjandi um aldir margvíslegar hefðir í hestamennsku og margir átt hesta og notað þá.

Helstu markmið þess að koma á stigskiptu námi í hestamennsku eru m.a. þau, að auka aðgengi að menntun fyrir unga sem aldna, að stuðla að auknum áhuga og þekkingu almennings á íslenska hestinum og hestaíþróttum, að bæta meðferð og meðhöndlun íslenska hestsins og að bæta reiðmennsku á íslenska hestinum.

Með því að koma á skipulögðu grunnnámi í hestamennsku og búa til námsskrá sem hægt er að vinna samkvæmt verður smá saman til staðlað menntakerfi sem í framtíðinni býður upp á aukna fagmennsku á öllum sviðum hestamenskunnar. Síðast en ekki síst styrkir uppbygging á slíku kerfi forystuhlutverk landsins á sviði Íslandshestamenskunnar um heim allan og er besta markaðstæki sem völ er á.

3.4.1.3. Skipulag Knapamerkjakerfisins

Knapamerkjakerfið er hugsað sem stigskipt nám í hestamennsku þar sem þeir sem fara í gegn um námið læra ákveðna þætti á hinum mismunandi stigum þess og fá viðurkenningu að loknum bóklegum og verklegum prófum í hverju stigi fyrir sig. Að loknu hverju stigi fá nemendur prófskírteini og barmmerki í mismunandi litum allt eftir því hvaða stigi þeir hafa lokið. Stigin eru aðgreind með mismunandi litum og tákni fyrir hvert stig. Námið smá þyngist allt frá því að á fyrsta stigi er farið í umgengni við hesta,

skap, skynjun og ásetuæfingar allt til þess að ríða fimíæfingar og þjálf gangtegundir á því fimmta. Námið getur hentað öllum hvort sem um er að ræða börn og unglínga sem hafa aðgang að kerfinu í námskeiðsformi eða innan grunn og framhaldsskóla eða fullorðinna sem geta tekið stigin í námskeiðsformi t.d. á vegum sjálfstætt starfandi reiðkennara eða hestamannafélaga.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg og hafa þessir þættir mismnandi vægi allt eftir því hvaða stig er um að ræða. Þeir sem hyggjast kenna samkvæmt Knapamerkjakerfinu þurfa að sækja um það og fá þá send skráningareyðublöð frá skrifstofu Hólaskóla sem fylla þarf út á viðeigandi hátt og skila undirrituðum til baka að loknum prófum til þess að geta fengið afhent prófskírteini og merki fyrir nemendur sína.

Til þess að geta kennt skv. Knapamerkjakerfinu þurfa kennarar á fyrstu tveimur stigunum að hafa a.m.k. leiðbeinendaréttindi frá Hólaskóla og prófdómarar a.m.k. C-reiðkennararéttindi en á 3. – 5. stigi þurfa kennarar að hafa a.m.k. C-reiðkennararéttindi og prófdómarar B-reiðkennararéttindi.

3.4.1.4. Staða Knapamerkjakerfisins í dag

Knapamerkjakerfið var upphaflega unnið á vegum Átaksverkefnis um hestamennsku til að byrja með. Hólaskóli tók síðan við verkefninu sl. sumar og réði Helgu Thoroddsen, til þess að vinna við það í hlutastarfi ásamt öðru starfsfólki skólans. Undanfarin misseri hefur aðallega verið unnið að því að lesa yfir allt námsefni sem nú þegar hefur verið skrifað, endurskoða uppsetningu þess, innihald og áherslur jafnframt því að bæta við það að töluverðu leyti. Reiðkennarar og aðrir kennarar Hólaskóla lesa síðan allt efni yfir þar sem við á og koma með tillögur til úrbóta.

Auk þess að endurskoða og semja ítarlega námsefni verður unnið að því að teikna og/eða mynda efni sérstaklega fyrir Knapamerkjakerfið sem notað verður bæði í námsefninu sjálfu svo og ýmsum verkefnum sem munu tengjast því í framtíðinni.

Þessa dagana er lögð áhersla á að klára endanlega yfirlestur og samningu á nýju námsefni, myndefni og uppsetningu svo hægt sé að halda áfram með aðra þætti sem byggja á að þessir séu tilbúnir. Jafnframt að koma nýju gangnaskráningarkerfi í gagnið og semja próf.

Próunin á Knapamerkjakerfinu mun haldast í hendur við kennslu og námsefnisgerð á Hólum bæði á fyrsta ári, Leiðbeinendastigi og þriðja ári, Reiðkennaradeild, en þeir sem þar eru við nám fá m.a. ítarlega kennslu og þjálfun í að kenna bæði bóklega og verklega reiðmennsku.

3.4.1.5. Framtíðarsýn

Svo vísað sé til þess sem fram kom hér áður í umfjölluninni um markmið Knapamerkjakerfisins þá er skipulögð og góð menntun grundvöllur fyrir aukinni fagmennsku og bættri meðferð á íslenska hestinum. Í dag fleygir fram reiðmennsku á Íslandi og Knapamerkjakerfið mun veita fólki tækifæri til að stefna að áþreifanlegum markmiðum með markvissum hætti, jafnframt því að bæta meðhöndlun og meðferð á hinum íslenska gæðingi og ætti það að vera markmið allra sem hestamennsku stundum með einum eða öðrum hætti.

3.4.2. Tillögur nefndarinnar

3.4.2.1. Almennt

Eftir að hafa farið yfir stöðu Knapamerkjakerfisins svokallaða hreifst nefndin mjög af því starfi sem þar er unnið og þeirri hugmyndafræði sem unnið er út frá. Telur nefndin ljóst að um eitt stærsta markaðsmál, til framtíðar, er snertir íslenska hestinn gæti verið að ræða.

Knapamerkjakerfið er framtíðarverkefni sem ætti að nýtast öllum þeim sem áhuga hafa á framgangi “Íslandshestamenskunnar” svokölluðu. Ljóst er einnig að stuðningur við knapamerkjakerfið almennt kemur öllu landinu til góða en ekki bara hestamönnum á landsbyggðinni. Telur nefndin að með því að styrkja menntun hugsanlegra atvinnumanna, fagmennsku í reiðmennsku og kennslu og uppfærðslu til væntanlegra kaupenda verði smátt og smátt skotið stöðum undir aukinn markað fyrir kaup og sölu hrossa. Þar með styrkist grundvöllur hrossaframleiðandans á landsbyggðinni sem og grundvöllur atvinnumannsins á landsbyggðinni sem taka vill hross í tamningu og þjálfun. Reiðkennarinn sem fær tæki til að kenna nemendum eftir í viðurkenndu þrepaskiptu menntakerfi fyrir reiðmenn. Nefndin sér í knapamerkjakerfinu uppbyggjandi starf til að mennta og kenna æsku landsins hestamennsku. Slíkt nám er í eðli sínu uppbyggjandi og þroskandi fyrir ungt fólk, þ.e. samveran við hestinn og náttúruna, sú ögun sem fylgir því að læra að ríða hestinum á réttan máta, þjálfu hann og annast og síðast en ekki síst að læra e.t.v. þá iðn að geta kennt öðrum, eða tamið hesta og þjálfað í atvinnuskyni.

3.4.2.2. Fjármögnun

Eftir að nefndin hefur kynnt sér málefni knapamerkjaverkefnisins liggur fyrir að þau verkefni sem þarf að tryggja fjármagn til svo hægt verði að koma verkefninu í nothæft ástnd eru eftirfarandi:

1. Að ljúka við texta á námsefni (langt komið).
2. Að gera myndefni fyrir námsefni og verkefni sem því tengjast, bæði teikningar og ljósmyndir (verið að vinna að þessu).
3. Að ganga frá útlitshönnun, uppsetningu, yfirlestri og frágangi kennslugagna.
4. Prentun og útgáfa.
5. Að semja próf (breyta prófum) og námsmatskerfi. Núverandi próf krefjast endurskoðunar þegar nýtt námsefni verður tilbúið.
6. Að búa til og halda samræmingarpróf fyrir dómara sem munu hafa réttindi til að dæma próf sem haldin verða samkvæmt Knapamerkjakerfinu.
7. Að semja kennsluleiðbeiningar og halda námskeið fyrir þá kennara sem hyggjast kenna samkvæmt Knapamerkjakerfinu.
8. Að búa til verkefnabanka og tilbúin kennsluverkefni sem hægt verður að nota á mismunandi stigum.

Það er tillaga nefndarinnar að ríkisvaldið styðji við uppbyggingu knapamerkjakerfisins. Kannað verði hvort hægt sé að koma slíkum stuðningi að í gegnum hið almenna menntakerfi landsins eða með öðrum hætti eftir því sem best kann að nýtast hverju sinni. Nauðsynlegt er að stutt verði við útgáfu og vinnslu efnis í upphafi kennslunnar með fjárframlögum.

4. Helstu niðurstöður

4.1. Reiðhallir, reiðskemmur og reiðskálar

Þrátt fyrir að hestamennska sé af flestum einungis stunduð sem áhugamál fjölgar alltaf þeim einstaklingum sem hafa hana fyrir aðalstarf. Á höfuðborgarsvæðinu hafa þessir einstaklingar eins og staðan er í dag góða möguleika á því að stunda þjálfun, tanningar og ekki síst kennslu allt árið um kring. Hestamenn á höfuðborgarsvæðinu hafa aðgang að glæsilegum mannvirkjum þar sem hægt er að stunda hestamenskuna innandyra þegar þannig viðrar. Viða á landsbyggðinni er staðan ekki hin sama og þegar eru komin fram merki um það að hestamenn á landsbyggðinni séu farnir að dragast aftur úr kollegum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Í sjálfu sér er það ekki hlutverk þessarar nefndar að leggja fram tillögur til aðstöðujöfnunar hjá atvinnuöðnum í hestamennsku á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem búa á landsbyggðinni. Hitt er aftur á móti ljóst að aðstaða barna og ungmenna og hins almenna hestamanns til að stunda íþrótt sína eða njóta kennslu eða þjálfunar er oft ekki fyrir hendi úti á landi. Aðstöðuleysið bitnar því oft harðast á ungu kynslóðinni sem ekki nýtur þá þeirra forréttinda sem jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu njóta. Til þess að hægt sé að kenna og halda námskeið þarf að vera fyrir hendi góð aðstaða og líka til þess að þeir lærðu kennarar sem hafa atvinnu af því að kenna knöpum framtíðarinnar geti kennt á þeim tíma sem hestar eru á húsi um vetur. Til þess að hægt sé að nýta sér knapamerkjakerfið verður góð aðstaða að vera fyrir hendi. Sé það stefna valdhafanna að viðhalda byggð í landinu þarf að styðja við faglega hestamennsku sem víðast um land.

Út frá því hlutverki sem nefndinni var ætlað, þ.e. að leggja fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hestamennsku á landsbyggðinni, er það mat nefndarinnar að reiðhallir, reiðskemmur og reiðskálar hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna í nútíma hestamennsku, ekki síst á landsbyggðinni.

Með vísan til framansagðs leggur nefndin því til að ríkisvaldið styrki sérstaklega byggingu reiðhúsa á landsbyggðinni, skv. skilgreiningu nefndarinnar á slíkum mannvirkjum. Miðað verði við að hestamannafélög geti sótt um slíkan styrk ásamt viðkomandi sveitarfélagi og e.t.v. líka öðrum íþróttafélögum á svæðinu. Einnig leggur nefndin til að félagsskapur eða hlutafélag í meirihlutaeigu ofangreindra aðila ásamt einkaaðilum, eftir atvikum, geti verið umsækjandi um styrk til byggingar reiðhúsa. Nefndin leggur hins vegar áherslu á að tryggja verður að jafnræðisreglan verði í heiðri höfð og að þar sem hið opinbera komi að fjármögnun slíkra mannvirkja verði það ekki til að skekkja eða koma á samkeppni við einkaaðila sem fyrir eru í slíkum rekstri á viðkomandi svæði.

Gengið er út frá því að í sumum tilvikum væri um styrk í formi hlutafjareignar í viðkomandi mannvirki að ræða. Einnig kæmi til greina að hluti af fjárframlaginu væri í formi láns sem mætti þá e.t.v. breyta í hlutafé síðar. Nefndinni þykir ljóst að bygging reiðhúss sé einkar vel til þess fallin að styrkja innviði þess samfélags þar sem slík hús yrðu reist. Aðkoma Byggðastofnunar væri æskileg, ef ekki nauðsynleg í slíkum tilvikum.

Lagt er til að Byggðastofnun verði falið að semja nánari reglur um úthlutun þess fjár sem hugsanlega fæst af fjárlögum til verkefnisins og að viðkomandi aðilar geti síðan sótt þangað um fyrirgreiðslu. Telja verður, með vísan til 4. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun, sbr. nánar ákvæði í 18. gr. reglugerðar nr. 347/2000, að Byggðastofnun hafi þær heimildir sem hún þurfi til að veita umræddum fjármunum í tiltekin verkefni verði mörkuð um það skýr stefna af hálfu stjórnar Byggðastofnunar. Einnig mætti útfæra nánar ákvæði um úthlutun fjárins í reglugerð nr. 347/2000.

Reiðhöll á Akureyri. Akureyri hlaut flest stig hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji byggingu reiðhallar á Akureyri.

Reiðskemma í Borgarfirði. Borgarfjörður hlaut næstflest stig hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji byggingu reiðskemma í Borgarfirði, á Hvanneyri eða í Borgarnesi, eftir samkomulagi heimamanna.

Reiðhöll á Fljótshéraði. Fljótshérað varð í þriðja sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji byggingu reiðhallar á Fljótshéraði.

Reiðskemma á Hornafirði. Hornafjörður varð í fjórða sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji byggingu reiðskemma á Hornafirði.

Reiðskemmur á Snæfellsnesi og Ísafirði: Snæfellsnes og Ísafjörður urðu í 5. – 6. sæti hjá nefndinni þegar skoðaðir voru þeir staðir sem óskuðu eftir stuðningi við byggingu reiðhúss. Lagt er til að ríkið styðji byggingu reiðskemma á Ísafirði og á norðanverðu Snæfellsnesi.

Önnur svæði. Nefndin leggur til að önnur svæði sem hlutu stig hjá nefndinni séu skoðuð eftir þeim forgangi sem nefndin gefur þeim í skýrslunni, en leggur ekki beint til að styrkjum verði veitt til byggingar mannvirkja á þeim stöðum fyrr en önnur verkefni hafa verið leyst.

4.2. Reiðleiðir

Uppbygging reiðleiða er ekki aðeins nauðsynleg frá sjónarhóli þeirra þúsunda hestamanna sem stunda útreiðar í hesthúsahverfum á veturnum, heldur einnig frá sjónarhóli hestaferðamennskunnar og atvinnustarfseminnar í kringum Íslenska hestinn.. Umhverfissjónarmið spila stóran þátt í allri ferðamennsku á hestum og er gerð reiðleiða gríðarlega mikilvægur þáttur í ásýnd hestaferðamennskunnar.

Reiðleiðir meðfram þjóðvegum. Nefndin leggur til að hætt verði að leggja reiðleiðir meðfram þjóðvegum eftir því sem frekast er kostur. Þess í stað verði þegar hafist handa í

samstarfi við L.H. og Vegagerðina, að leggja reiðleiðir þar sem þær voru áður eftir því sem heimildir og kort mæla fyrir um, eða á nýjum stöðum, en ekki við þjóðveginn eða á helgunarsvæði hans.

Bætt aðstaða meðfram reiðleiðum. Nefndin leggur til að um leið og reiðleið er byggð upp sé gætt að því að nauðsynleg aðstaða sé jafnframt byggð upp eða gert ráð fyrir henni.

Tenging áningarstaða með reiðleiðum. Nefndin leggur til að farið verði sérstaklega yfir það hvernig tengja megi vinsæla staði við stofnleiðir og héraðsleiðir, fornar og nýjar og veittir fjármunir til uppbyggingu slíkra reiðleiða.

Aukin framlög til reiðvega. Það er niðurstaða skýrsluhöfunda að framlög til reiðvega af Vegaáætlun séu vanáætluð og gæti hið opinbera styrkt mjög við uppbyggingu hestamennsku og hestatengdar ferðamennsku með því að tvöfalda framlög sín til reiðvega af Samgönguáætlun.

Nefndin leggur einnig til að ríkisstjórnin samþykki sérstaka fjárveitingu á fjárlögum, umfram tekjur Vegasjóðs, sem fjárframlag vegna átaks við gerð reiðleiða og mannvirkja tengdum þeim á landsbyggðinni, þar sem ljóst er að í töluverðan tíma hefur verið þörf fyrir meira fjármagn í reiðvegagerð en fengist hefur.

Leggur nefndin til að komið verði á fót nefnd skipuð fulltrúum frá L.H. og Vegagerðarinnar er geri tillögur að því hvernig sérstöku fjármagni vegna slíks átaks skuli varið, þegar fjármögnun hefur verið ákveðin af ríkisstjórn eða Alþingi.

4.3. Knapamerkjakerfið

Nefndin telur að hið svokallaða “Knapamerkjakerfi” sé framtíðarverkefni sem komi til með að styðja beint og óbeint við bakið á hestamennsku á landsbyggðinni og gæti nýst öllum þeim sem áhuga hafa á framgangi “Íslandshestamenskunnar” svokölluðu.

Nefndin leggur til að ríkisvaldið styðji uppbyggingu knapamerkjakerfisins. Kannað verði hvort hægt sé að koma slíkum stuðningi að í gegnum hið almenna menntakerfi landsins eða með öðrum hætti eftir því sem best kann að nýtast hverju sinni.

5. Viðaukar

5.1. Tillaga til þingsályktunar

5.2. Þingsályktun um úttekt á aðstöðu til hestamennsku

5.3. Skipunarbréf nefndarinnar

5.4. Bréf til allra hestamannafélaga á landinu

5.5. Yfirlit yfir skráð reiðhús í Landskrá fasteigna

5.6. Kort af félagssvæðum hestamannafélaga innan L.H.

5.7. Stigagjöf fyrir tillögur um stuðning við byggingu reiðhúsa

5.8. Viðmælendalisti

Þeir aðilar sem nefndin kallaði á sinn fund eru eftirfarandi í stafrófsröð:

Atli Guðmundsson, Félagi tamningamanna

Einar Bollason, Samtökum ferðaþjónustunnar

Einar Ragnarsson, Landssambandi hestamannafélaga

Kristinn Guðnason, formaður Landssambands hrossabænda

Lárus Dagur Pálsson, Landsmótum ehf.

Þorleifur Þór Jónsson, Samtökum ferðaþjónustunnar

5.9. Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 2004

5.10. Fjöldi félaga í L.H.2004 og þingfulltrúar.